



- 100 ÁRA VERSLUN -
Skór á alla fjölskylduna
Skóverslun Leó's Ísafirði
1904 - 2004 • Sími 456 3011

Tölvur og tölvubúnaður
hafðu ábyrgðina
hjá okkur!



NetHEIMAR
Aðalstræti 18 • Ísafirði • Sími 456-5006



Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16 - 19



Landsbankinn
Sími 450 5519



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Fimmtudagur 15. apríl 2004 • 15. tbl. • 21. árg.



**Vill miklu
frekar vinna
Hörð en KR
í fótbolta**

– viðtal við „Kidda Einars skipstjóra“, framkvæmdastjóra Blómavals

Ísafjarðarbær taki tilboði Hlaðbæjar Colas í malbikun

Hlutur Ísafjarðarbæjar 32,2 milljónir

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að hluta sveitarfélagsins, að fjárhæð 32,2 milljónir króna, í tilboði Hlaðbæjar Colas ehf. til Ísafjarðarbæjar og Vegagerðarinnar um malbikun á norðanverðum Vestfjörðum, verði tekið. Alls hljóðar tilboðið upp á 107,3 milljónir króna sem er heldur yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar sem var upp á 99,3 milljónir.

Fram kemur í bókun bæjarráðs að inn í heildarkostnaðinn við malbikuna hjá Ísafjarðar-

bæ vanti að reikna tjörukaup af Vegagerðinni upp á 4,7 milljónir króna og eftirlitskostnað.

Á Ísafirði stendur til að malbika Hafnarstræti frá Hranngötu að Austurvegi, Sundstræti, Norðurveg og Sindragötu ásamt Njarðarsundi, Skipagötu, Austurvegi, Hafraholti og Árholti að hluta, auk stoppistöðvar strætisvagns í Stórholti. Þá stendur til að malbika lóð grunnskólans á Þingeyri og Sundabakka á Ísafirði auk viðgerða. – kristinn@bb.is




Malbikunarframkvæmdir á Skutulsfjarðarbraut fyrir nokkrum árum.



Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21

SAMKAUP
...gæði og forskunir!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
FLUTNINGUR

EIMSKIP
GREIÐ LEND

ÚTGÁFAN



ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamenn:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Sigurjón J. Sigurðsson
sími 892 5362
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:
Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhladan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krilló,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukort.

Fyrsta hnefaleikakeppnin á Ísafirði í hálföld

Lárus Mikael og Páll Janus sigruðu andstæðinga sína

Einn af hápunktum dagskrár Skíðavíkkunnar var að kvöldi föstudagsins langa þegar fram fór fyrsta hnefaleikakeppnin á Ísafirði í meira en hálföld. Keppnin fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi að viðstöddum um 200 áhorfendum. Frá því að ólympískir hnefaleikar voru leyfðir að nýju hér á landi hafa áhugamenn um hnefaleika æft af kappi í bænum og fyrir skömmu var stofnað Hnefaleikafélag Ísafjarðar.

Liðsmenn Hnefaleikafélags Reykjavíkur komu vestur með nauðsynlegan búnað til keppnishaldsins svo sem löglegan keppnishring. Einnig komu þjálfarar, dómarmenn og keppendur að sunnan til þess að keppa við hnefaleikakappa frá Ísafirði. Alls voru háðir fimm bardagar á föstudagskvöldið þar af einn sýningarbardagi. Tveir ísfrískir keppendur unnu sína bardaga þeir Páll Janus Þórðarson og Lárus Mikael Knudsen. Aðrir keppendur frá Ísafirði voru Högni Þórðarson, Nuk Guðmundsson og Snævar Víðisson.

Ekki er að efa að flestir áhorfendur voru að sjá sína fyrstu hnefaleikakeppni utan sjónvarps og koma margt ein-kennilega fyrir sjónir. Ríkar hefðir eru í hnefaleikum eins og skipting keppenda milli hornanna rauðu og bláu. Ís-firðingar voru rauðir á föstu-daginn. Loturnar voru þrjár að tölu í hverjum bardaga ein og hálf mínúta að lengd hver. Kynning keppenda er mjög hefðbundin í hnefaleikum og einnig er talið ómissandi að yngismeyjar labbi um hringinn milli lota með spjöld sem gefa til kynna númer næstu lotu.

Fyrir rúmri hálfri öld voru hnefaleikar stundaðir á Ísafirði af miklum móð eins og fram kom í grein þeirra Sigurðar Péturssonar og Hermanns Ní-elssonar um frænda sinn Guð-mund Jósep Sigurðsson hér í blaðinu fyrir stuttu.

Hermann Níelsson íþróttakennari var í hópi áhorfenda á föstudagskvöldið. Í samtali við blaðið sagðist hann vera mjög ánægður með keppnina. „Um-gjörðin var mjög góð og það



Lárus Mikael Knudsen lýstur sigurvegari í bardaga sínum. Myndir: Birgir Þór Halldórsson.

skapaðist skemmtileg keppni. Það er nauðsynlegt að þeir sem æfa hér í bænum eigi þess kost að keppa annað slagið á heimavelli og því var þetta mót mjög kærkomið. Það er greinilega verið að vinna mjög gott starf við uppbyggingu ólympískra hnefaleika hér um

slóðir og vonandi tekst að skapa hér gott starf á þeim grunni sem var lagður fyrir hálfri öld síðan“ sagði Her-mann.

Aðspurður um íþróttina sem slíka sagði Hermann að reglur væru mjög strangar og dóm-arar mjög harðir og því ætti

íþróttin ekki að vera hættulegri en aðrar íþróttir sem stundaðar eru í bænum. Forráðamenn hins nýja Hnefaleikafélags Ísafjarðar voru mjög ánægðir að móti loknu og lofuðu áhorf-endum frekara mótshaldi fljót-lega.

– hj@bb.is

Tunguá í Skutulsfirði

Virkjun enn í skoðun

Ákvörðun um hvort fyrir-huguð virkjun Tunguár í Skutulsfirði þarf að fara í um-hverfismat liggur ekki ennþá fyrir. Að sögn Sölva Sól-bergssonar, deildarstjóra tæknideildar Orkubús Vest-fjarða, er þessa dagana verið að ganga frá skýrslu sem Náttúrustofa Vestfjarða hefur unnið fyrir Orkubúið vegna virkjunarinnar. Skýrslan verður send Skipulags-stofnunar sem að því loknu

sendir gögn um fyrirhugaða virkjun til nokkurra hags-munaaðila til umsagnar, m.a. til Umhverfisstofnunar. Þegar þær umsagnir liggja fyrir tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um hvort fyrirhuguð virkjun þarf að fara í formlegt mat á umhverfisáhrifum.

Auður Ýr Sveinsdóttir sér-fræðingur hjá Skipulagsstofn-un segir ekki endanlega ljóst hvenær úrskurður stofnunarinnar liggur fyrir. Það ætti þó

að geta orðið í maí. Verði niðurstaða Skipulagsstofn-unar sú að virkjunin þurfi ekki að fara í formlegt mat á umhverfisáhrifum ættu því framkvæmdir að geta hafist í sumar. Fari hinsvegar svo að mat á umhverfisáhrifum þurfi að fara fram er það ferli sem tekur að sögn Auðar nokkra mánuði og þá munu framkvæmdir frestast sem því nemur.

– hj@bb.is



Páll Janus Þórðarson kemur höggi á andstæðing sinn.

RITSTJÓRNARGREIN

Efst á Arnarvatnsheiðum

Um einn dándismann fyrri tíma var einhverju sinni sagt, að það besta við hann væri, að honum dytti aldrei neitt í hug. Sem reyndar voru mikil ósannindi. Þessu verður ekki logið upp á alþingismennina átta, sem undir forystu sjálfs forseta Alþingis hafa lagt fram þings-ályktunartillögu um undirbúning að lagningu Norðurvegur (en svo mun vegurinn eiga að heita samkvæmt skáldlegri hugljómun) um Arnarvatnsheiði og Stórasand, sem fyrsta áfanga að hraðbraut milli höfuðborgarsvæðisins og Eyjafjarðar. Pólana tvo sem nú njóta náðar. Í öðrum áfanga er ráðgert að leggja veg um Kaldadal og Þingvallasvæðið til að stytta enn frekar leiðina milli þessara tveggja svæða.

„Síðasta haftinu, sem hamlaði greiðri för með byggðum í hringinn í kringum landið, hefur verið rutt úr vegi og þar með er Ísland orðið annað land og enn betra en það hefur verið fram til þessa“, sagði Magnús Torfi Ólafsson, páverandi samgönguráðherra við opnun vegar yfir Skeiðarársand, þegar hringvegurinn var opnaður með táknrænum hætti um miðjan júlí 1974. Enda þótt Vestfirðir hafi ekki verið á Íslandskorti Vegagerðarinnar þegar „hringvegurinn um landið“ var dregin, efast enginn um þarfsemi vegarins. Hægt er að gera sér í hugar-lund hver staða fjölmarga byggða væri í dag ef hringvegurinn hefði ekki rofið einangrun

þeirra. Um það verður ekki deilt að vegakerfið er æðakerfi búsetu í landinu. Með Norðurvegi yrðu fjölmörg héruð, sem enn eiga von, þrátt fyrir allt, endanlega slegin af. „Norðurvegur um Arnarvatnsheiði og Stórasand mundi skilja fjölmenn byggðarlög eftir í vaxandi einangrun og er þá sérstaklega átt við Norðvesturland. Byggðarlögin þar njóta nú góðs af því með margvíslegum hætti að umferð norður og austur fer um þau. Þeirri umferð fylgja viðskipti og samskipti. Norðurvegur mundi leiða til þess að ávinningur þessara byggðarlaga af umferðinni hyrfi eins og dögð fyrir sólu.“ Tilvitnuð leidaraskrif í Morgunblaðinu eru meðal margra sterkra raka gegn fyrirætlan áttmenninganna.

Forsætisráðherra hefur mælt fyrir allt að sexföldun þjóðgarðsins á Þingvöllum. Vart er sú ætlan uppi til að rýma fyrir bílalestum þungaflutninga um þennan helgasta stað landsins? Hvar drögum við mörkin hvað varðar friðhelgi óbyggðanna? Hversu langt getum við gengið í að umreikna landið okkar í ímyndaðan fjárhagslegan ávinning?

„Efst á Arnarvatnsheiðum / of hef ég fái beitt“ kvað listaskáldið góða. Pylsusjoppa við Réttarvatn hefði rímað illa við fegurðina sem skáldið hreifst af og friðarins sem það naut.

s.h.

Risa Skómarkaður X18 merkjavara

750%

afsláttur!

Verðdæmi

X-18 merkjavara

Dömskór

Áður kr. 7.999,-

Nú kr. 2.999,-

Herraskór

Áður kr. 8.999,-

Nú kr. 2.999,-

Opið

Fimmtudag til
sunnudags
kl. 12-19

X18

Félagsheimilið Hnífsdal

Styrktartónleikarnir til handa Guðbjörtu Lóu Sæmundardóttur

Krabbameinssjúk börn njóta afrakstursins

Guðbjört Lóa Sæmundsdóttir, 17 ára stúlka frá Lyngholti í Dýrafirði, afhenti Styrktarsjóði krabbameinssjúkra barna í síðustu viku 236.250 krónur sem eru þrír fjórðu hlutar þess fjár sem safnaðist á tónleikum sem voru haldnir, henni til styrktar, fyrir stuttu. Forsprakki tónleikanna var Ragnheiður Hákonardóttir á Ísafirði sem hélt upp á fimmtugs afmæli sitt með því að fá tónlistarfólk til liðs við sig í Ísafjarðarkirkju. Afraksturinn varð 315 þúsund krónur sem runnu til Guðbjartar Lóu og annarra krabbameinssjúkra

barna. Guðbjört Lóa hefur nú lokið meðferð og er á góðum batavegi með aðstoð endurhæfingar-eildar Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, að sögn Sæmundar Kr. Þorvaldssonar, föður hennar. Hann segir sannarlega þörf fyrir féð en á Íslandi greinist að jafnaði 10-12 börn og unglingar með krabbamein árlega. Guðbjört Lóa og fjölskylda hennar vilja koma á framfæri kærri kveðju og þakklæti til allra sem hafa stutt þau í veikindum hennar.

– kristinn@bb.is



Hér stendur Guðbjört Lóa Sæmundsdóttir á milli þeirra Jóhönnu Valgeirsdóttur, skrifstofumanni hjá Styrktarsjóði krabbameinssjúkra barna, og Rósu Guðbjartsdóttur, framkvæmdastjóra samtakanna. Mynd: AHK.

Rúðugler úr Landsbankanum og Hamraborg á sýningu í Holti

Anna Lára Guðmundsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir sýndu glermuni í Holti-friðarsetri í Önundarfirði um síðustu helgi. Munina höfðu þær unnið úr gleri sem verið var að henda hjá verktakafyrirtækinu Ágústi og Flosa á Ísafirði og var þar um að ræða rúður sem skipt hafði verið um í Landsbankanum á Ísafirði og versl-

uninni Hamraborg. Mál því segja að margir sýningargestir hafi borið glerið augum áður þegar það gegndi öðru hlutverki. Um sölusýningu var að ræða og sagðist Anna Lára vera ánægðar með viðbrögðin sem þær hefðu fengið en um 250 manns sóttu sýninguna.

– kristinn@bb.is



Nokkrir munanna á sýningunni.



Sigríður Magnúsdóttir og Anna Lára Guðmundsdóttir.

Sex nýburar á fæðingardeildinni á Ísafirði

Það hefur verið líflegt á fæðingardeild Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ að undanförunu. Í aprílmánuði hafa fæðst þar sjö börn og er það sjöunda nýkomið í heiminn. Því voru sex börn á fæðingardeildinni um miðja síðustu viku sem er það fátítt þar á bæ. Af þessum sjö börnum eru fimm sveinbörn svo hlutfall kynjanna er

frekar óhagstætt það sem af er mánuðinum. Frá áramótum hafa 25 börn fæðst á fæðingardeild Heilbrigðisstofnunarinnar. Halldór Sveinbjörnsson, ljósmyndari bb.is, fékk það skemmtilega hlutverk að festa þennan fallega hóp á mynd. Eins og sjá má eru ekki allir ánægðir með athyglina.

– hj@bb.is



Nýburarnir sex á fæðingardeildinni á Ísafirði.



Sex stoltar mæður fylgjast með börnum sínum. Frá vinstri Íris Jónsdóttir, Anna Francizka, Rebekka Rut Rúnarsdóttir, Wioletta Taroni, Marijke Cecile Paul og Arndís Baldursdóttir.

Jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar

Á dagskrá eftir 2009

Til framkvæmda við jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar getur komið eftir árið 2009. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, reiknar með að jarðgöngum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar verði lokið árið 2005 og í jarðgangaáætlun fyrir árin 2003-2014 er gert ráð fyrir að jafnframt verði ráðist í að gera

jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Það er mat ráðuneytisins að því verki ljúki árið 2009 og að jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar „verði næst“. Þetta kemur fram í bréfi samgönguráðherra til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Samgönguráðuneytið hefur ritað Ísafjarðarbæ bréf

vegna nýlegra samþykktu bæjarstjórnar um áherslu á þverun Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi og gerð jarðgangna milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Þar kemur fram a bókunin um framkvæmdir við leiðina yfir Mjóafjörð verður tekin fyrir við næstu endurskoðun samgönguáætlunar sem tekur gildi árið 2005 og gildir til 2008.



Fyrstu jarðgöng á Íslandi voru gerð gegnum Arnarneshamar á leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur fyrir liðlega hálfri öld.

Spessi undirbýr sýningu

Fyrir skömmu hófst sýning Guðbjargar Lindar Jónsdóttur í Listasafni Ísafjarðar og er hún sú fyrsta í röð sýninga þriggja ísfirskra



listamanna sem þar verða á næstu mánuðum. Um páskana var ljósmyndarinn Spessi við störf á Ísafirði að undirbúa sinn þátt í sýningaröðinni. Meðal viðfangsefna hans verður að fanga mannlífið í miðbæ Ísafjarðar. Það gerði hann meðal annars með því að fara um Hafnarstrætið og mynda vegfarendur í amstri dagsins auk þess sem hann myndaði kaupmenn í götunni við störf sín. Þessi skemmtilega mynd af listamanninum við vinnu sína var tekin á gatnamótum Hafnarstrætis og Austurvegar á laugardag. Áformað er að opna sýningu Spessa í júnímánuði. - hj@bb.is

Kylfingar í Bolungarvík

Framkvæmdir hafnar við æfingarsvæði

Í síðustu viku hófust framkvæmdir við nýtt æfingarsvæði Golfklúbbs Bolungarvíkur við Syðridalsvöll. Fram kemur á fréttavefnum vikari.is að æfingarsvæðið verði norðan við golfvöllinn og sunnan við þjóðveginn til Bolungarvíkur og muni því

blasa við vegfarendum á leið í bæinn. Verið er að slétta undirlendi en í sumar verður grasfræi sáð í svæðið. Forsvarsmenn Golfklúbbs Bolungarvíkur vonast til að geta tekið æfingarsvæðið í notkun sumarið 2005. - kristinn@bb.is

Fyrsta golfmót ársins hjá GÍ

Wirot og Bjarni sigruðu á skírdag

Wirot Khiansanthia og Bjarni Pétursson úr Golfklúbbi Bolungarvíkur sigruðu á fyrsta golfmóti ársins hjá Golfklúbbi Ísafjarðar sem haldið var á Tungudalsvelli á skírdag. Keppt var eftir punktakerfi. Wirot lauk leik með 44 punkta, annar var Páll Guðmundsson (GB) varð annar með 39 punkta og Bjarni Pétursson varð þriðji með 38 punkta. Í högggleik varð Bjarni efstur með 76 högg, Magnús Gautur Gíslason (GÍ) varð annar á 77 höggum og Sigurður Fannar Grétarsson (GÍ) varð þriðji á 77 höggum. Holuverðlaun á 7/16 braut fékk Halldór Pálmi Bjarkason. Aðstæður til keppni voru eins og best verður á kosið.

ursson varð þriðji með 38 punkta. Í högggleik varð Bjarni efstur með 76 högg, Magnús Gautur Gíslason (GÍ) varð annar á 77 höggum og Sigurður Fannar Grétarsson (GÍ) varð þriðji á 77 höggum. Holuverðlaun á 7/16 braut fékk Halldór Pálmi Bjarkason. Aðstæður til keppni voru eins og best verður á kosið.



Landsbankinn á Ísafirði endurnýjar afgreiðslusal útibúsins

Vegna þessara breytinga mun afgreiðsla útibúsins flytjast af 1. hæð upp á aðra hæð í Landsbankahúsinu. Einnig mun útibúið opna afgreiðslu í Neista.

Í Landsbankahúsinu verður sama starfsemi og verið hefur. Opnunartími verður sá sami og áður, frá kl. 09:15 - 16:00.

Á meðan á breytingunum stendur mun einn þjónustufulltrúi og einn gjaldkeri starfa í Neista.



Opnunartími þar verður frá kl. 09:15 - 12:30 og frá kl. 13:30 - 16:00, nema fimmtudaga og föstudaga, er opið verður til kl. 19:00.

Landsbankinn biður viðskiptavinum sína velvirðingar á þeim óþægindum sem hlotist geta á meðan breytingarnar standa yfir.



Vestfirðingur

vikunnar



Neyðarlegast að gleyma myndavélinni

Nafn: Spessi (Sigurpór Hallbjörnsson).

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á gamla barnaheimilinu á Ísafirði 17. febrúar 1956.

Atvinna: Ljósmyndari.

Fjölskylda: Konan heitir Áróra og börnin Markús, Steppi, Bergrós og Saga. Og hundurinn Fidel.

Helstu áhugamál: Kayak.

Bífreið: Gallopper.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Ford Mustang '65.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Ég ætlaði að finna paradís og sitja undir pálmatré og virða fyrir mér dásemdinar.

Uppáhalds matur? Ítalskt veisluborð.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Porramatur.

Uppáhalds drykkur? Kaffi.

Uppáhalds tónlist? Jazz.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Halldór Sveinbjörnsson.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir.

Uppáhalds vefsíðan? karlssonwilker.com

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Paris Texas eftir Wim Wenders.

Fallegasti staður hérlendis? Strandir.

Fallegasti staður erlendis? New York.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.

Uppáhalds heimilistækið? Espresso-kannan mín.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Fara á kayak.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Að gera ekki neitt.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Elda góðan mat og bjóða til veislu.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Nei.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Þegar ég gleymi myndavélinni.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Breyta fjárhagsáætlun bæjarins þannig að peningar sem fara í íþróttir, færu í listir og öfugt.

Lífsmottó? Vera glaður.

Greiðsla skotlauna hjá Ísafjarðarbæ

Lagt til breytt fyrirkomulag

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu voru lagðar fram tillögur að breyttu fyrirkomulagi við greiðslu skotlauna vegna refa og minkaveiða í sveitarfélaginu. Tillögurnar voru unnar af Þorleifi Pálssyni, bæjarritara, og Þóri Erni Guðmundssyni, starfsmanni landbúnaðarnefndar. Tillögurnar koma í kjölfar þess að Umhverfisstofnun tilkynnti um lækkun endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink.

Í tillögunum er lagt til að ráðnir verði fastir skotmenn til refa- og minkaveiða að und-

angenginni auglýsingu þar um. Refaveiðimenn verði ráðnir í eitt ár í senn frá 1. maí ár hvert og minkaveiðimenn verði ráðnir frá 1. maí til 31. júlí ár hvert. Þá kemur fram að þeir verði ráðnir til veiða á ákveðin landssvæði. Greiðslur skotmannanna verði samkvæmt verðskrá Umhverfisstofnunar hverju sinni.

Í dag eru skotlaunin sem hér segir: Fullorðnir refir kr. 7.000.- Yrðlingar kr. 1.600. Minkar kr. 3.000.- Tímakaup við minkaveiðar kr. 650.- Akstur pr. km. við minkaveiðar kr. 50.-

Þá segir í tillögunum að ekki

verði greidd skotlaun til annarra fyrir að vinna ref og fyrir unna minka verði öðrum greitt á tímabilinu 1. ágúst-30. apríl. Lagt er til að þetta nýja fyrirkomulag taki gildi 1. maí næstkomandi.

Í tillögunum segir að aðal- kostnaður sveitarfélagsins vegna refa- og minkaveiða sé vegna sportveiðimanna sem „stunda veiðarnar sér til gamans, en ekki með markvissum hætti eins og ráðnir skotveiðimenn gera“, eins og segir í tillögunum. Þá segir einnig að sportveiðimenn hafi spilt fyrir ráðnum veiðimönnum með framferði sínu svo mjög að

ráðnir skotmenn hafi gefist upp.

„Nokkrir þessara sportveiðimanna nota og ólöglegar aðferðir við veiðarnar svo sem að aka um að kvöldlagi eða um nótt með sterka ljóskastara og skjóta á glóandi augu og eða annað er undan ljósinu hrekkur. Með þessu móti spilla þeir oft en ekki fyrir þeim er stunda hefðbundnar vetrarveiðar með útburði, er gefur jafnari og betri árangur til lengdar.“

Bæjarráð vísaði tillögum tvímennninganna til landbúnaðarnefndar til umsagnar.

– *hj@bb.is*



Löng hefð er fyrir því að á Skíðavíku á Ísafirði sé spilaður jass. Að þessu sinni léku þeir félagar Björn Thoroddsen og Bjarni Sveinbjörnsson á Hótel Ísafirði við góðar undirtektir gesta. Þorsteinn Tómasson fangaði þá féлага á mynd á Hótel Ísafirði að kvöldi föstudagsins langa.

Bæjarráð Bolungarvíkur

Kostir og gallar frekari samvinnu eða sameiningar kannaðir

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

**Hef til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum**

**Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu**

Á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur í síðustu viku var lagt fram bréf frá ráðgjafarfyrirtækinu ParX þar sem sett er fram hugmynd að verklagi, tímaramma og kostnaðaráætlun vegna vinnu við að kanna kosti og galla frekari samvinnu eða sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að fimm hópar taki til starfa og ræði hver fyrir sig afmörkuð mál. Hópunum stjórna formenn fagnefnda á hverju sviði auk bæjarstjóra. Í starfshópunum munu sitja fagnefndir viðkomandi málaflokks ásamt embættismönnum bæjarins. Gert er ráð fyrir því að hóparnir fundi meðal



annars með ráðgjöfum ParX.

Í bréfi ráðgjafafyrirtækisins er áætlað að kostnaður við ráðgjafastörfin verði um 1,2 milljónir króna. Fyrir nokkru síðan ályktaði bæjarstjórn Bolungarvíkur um að kanna kosti og galla þriggja leiða, þ.e. frekari sameiningar sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum, frekari samvinnu eða óbreytts ástands.

– *hj@bb.is*

Ertu orðin(n) áskrifandi?



ÍSAFJARÐARBÆR

SUMARVINNA

Flokkstjórar óskast til starfa í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar á komandi sumri. Starfsemin hefst síðari hluta maí mánadag og lýkur í byrjun ágúst.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu félagsmiðstöðvarinnar og á bæjarskrifstofunni.

Krafist er að flokkstjórar séu stundvísir, góðir í mannlegum samskiptum og eldri en 20 ára.

Umsóknarfrestur er til 23. apríl.

Vinnuskólinn er reyklusinn vinnustaður.

Nánari upplýsingar um Vinnuskólann fást í sínum 456 3808 og 863 3806 og hjá yfirflokkstjóra í síma 661 2897.

Forstöðumaður.

Landsbankinn á Ísafirði

Breytir um svip á aldarafmælinu

Í undirbúningi eru miklar breytingar á innréttingum í afgreiðslusal útibús Landsbanka Íslands á Ísafirði og er tilefnið að um miðjan maí verður útibúið 100 ára. Að sögn Hafsteins Sigurðssonar verður afgreiðslusalnum og innganginum frá Hafnarstræti lokað á meðan á framkvæmdum stendur.

Þar til þær eru yfirstaðnar munu viðskiptavinir sækja þjónustu á aðra hæð Landsbankahússins og verður því gengið inn um inngang við Pólgötu. Að auki verður þjónusta útibúsins í Neista aukin og verður þar starfandi gjaldkeri og þjónustufulltrúi frá 9.30-12.30 og frá 13.30 til 16.00 alla daga auk hefðbundins opnunartíma til kl.19.00 á fimmtudögum og föstudögum. Áætlað var að síðasti opn-



Iðnaðarmenn að störfum í húsnæði bankans á þriðjudag. unardagur í núverandi afgreiðslusal yrði í gær og er reiknað með að framkvæmdum verði



Snerpa ehf., á Ísafirði

Opnar örbylgjunet á Þórshöfn á Langanesi

Snerpa ehf. á Ísafirði hefur nú opnað örbylgjunet sitt á Þórshöfn á Langanesi. Í síðustu viku hófst uppsetning nauðsynlegs búnaðar á staðnum og eru nú þrjátíu notendur tengdir neti Snerpu og njóta um leið sítengds há-

hraða internetssambands. Sendimastríð er staðsett á félagsheimilinu Þórsveri. Þórshöfn bætist því í hóp ný annarra þéttbýlisstaða sem nú þegar hafa tengst örbylgjuneti Snerpu en þeir eru Bolungarvík, Hnífsdalur, Súða-

vík, Ísafjörður, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Hólma-vík, og Drangsnes. Að sögn Björns Davíðssonar hjá Snerpu er í undirbúningi uppsetning víðar og er Bíldudalur næstur í röðinni. – hj@bb.is



Lóan á túninu á Söndum í Dýrafirði. Mynd: Hilmar Pálsson.

Lóan er kom-in í Dýrafjörð

Ljóst er samkvæmt almanakinu að vorið er skammt undan og hefur lóan staðfest það með komu sinni. Í gær saúst lóur í Dýrafirði á túni rétt innan við flugvallar- endann á Söndum. Hún

er því komin að kveða burt snjóinn sem reyndar hefur ekki verið mikið af í vetur. Hilmar Pálsson var á ferð í Dýrafirði á þriðjudag og myndaði aufúsugestina á Söndum. – kristinn@bb.is

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar

Hafnar minnis-varða á Silfurtorgi

Á fundi umhverfisnefndar í síðustu viku var tekin fyrir ósk Skíðafélags Ísfirðinga um að fá heimild til þess að reisa minnisvarða á Silfurtorgi á Ísafirði í tilefni af 70 ára afmæli félagsins.

Í bréfi til nefndarinnar kemur fram að Pálmi Kristinsson arkitekt hafi teiknað minnisvarðann og hann verði um 40

cm breiður og 160 cm hár. Á minnisvarðanum er ætlunin að hafa nöfn allra Íslandsmeistara félagsins og einnig nöfn allra Ólympíufara félagsins.

Í bókun umhverfisnefndar kemur fram að nefndin geti ekki fallist á að minnisvarðinn verði staðsettur á Silfurtorgi án þess að það sé rökstutt frekar. – hj@bb.is

Páskahelgin hjá lögreglunni á Ísafirði

Óvenjumargir teknir fyrir ölvunarakstur

Lögreglan á Ísafirði hafði afskipti af sex öukumönnum vegna ölvunaraksturs í síðustu viku og segir í dagbók að nokkuð langt sé síðan svo margir hafi verið stöðvaðir í umdæminu fyrir að aka undir áhrifum. Fram kemur að skýringuna sé ekki að finna í hertu eftirliti nú þar sem lögreglan á Ísafirði hafi lagt mikla áherslu á eftirlit

með ölvunarakstri mörg undanfarin ár. Talsvert annríki var hjá lögreglunni um páskahátíðina en allt gekk þó slysalaust fyrir sig. Tilkynnt var um 6 umferðaróhöpp og varð umtalsvert tjón á ökutækjum í nokkrum þeirra.

Þá hafði lögreglan afskipti af 13 öukumönnum sem reyndust aka yfir leyfilegum há-

markshraða og var sá sem greiðast ók stöðvaður í Seyðisfirði á 125 km hraða. Að auki hafði lögreglan afskipti af nokkrum öukumönnum vegna ýmissa annarra umferðarbrot, m.a. að vera ekki með öryggisbelti spennt, hafa ekki öku-skírteini meðferðis og vegna ljósbúnaðar sem var ekki í lagi eða ekki notaður rétt.

Snemma á laugardagsmorgun hafði lögreglan afskipti af nokkrum ungmönnum, þar á meðal tveimur 16 ára stúlkum sem reyndust vera ölvaðar. Þeim var komið til síns heima og var barnarverndaryfirvöldum gert viðvart eins og lög gera ráð fyrir, segir í skýrslu lögreglunnar.

– kristinn@bb.is

Stórslysæfing í undirbúningi á Ísafjarðarflugvelli

Lögreglan leitar sjálfboðaliða

Þann 8.maí verður efnt til stórrar slysæfingar í Ísafjarðarflugvelli. Í æfingunni taka þátt allar björgunarsveitir á svæðinu, öll slökkvilið, allt starfsfólk á flugvellinum, starfsfólk sjúkrahússins, starfsmenn hafnarinnar, bæjarins, Rauði krossinn, lögreglan og fjöldi starfsmanna frá Reykjavík s.s. almannavarnardeild ríkislögreglustjórans, Neyðarlínan, Landhelgisgæslan, viðbragðsaðilar í sjúkrahúsunum í Reykjavík svo einhverjir séu nefndir.

Til þess að æfing sem þessi heppnist sem best þarf á sjálfboðaliðum að halda til þess að leika slasað fólk. Stefnt er að því að fá til leiks um 70 „slasaða“. Til þess að gera æfingu þessa ennþá raunverulegri þarf einnig sjálfboðaliða til þess að leika „aðstandendur“ en þeir eiga að veita ákveðið áreiti fyrir björgunarfólk. Skráning þessara sjálfboðaliða er nú hafin á lögreglustöðinni á Ísafirði og er óskað eftir fólki á aldrinum 14 ára og eldra. Ungt fólk á aldrinum 14-17 ára þarf samþykki foreldra sinna til þess

að mega taka þátt í leik þessum.

Engin „stórslys“ eru án sára og því þarf að kenna heima-fólki slysaförðun þ.e. að búa til sár á fólk. Um þann þátt í undirbúningnum sér Vigdís Agnarsdóttir frá Rauða krossi Íslands. Verður hún með námskeið mánudaginn 26.apríl kl. 20. Á því námskeiði er pláss fyrir 12 nema. Einnig verður Vigdís með kynningu fyrir leikara þriðjudaginn 27.apríl kl.20. Námskeið þessi verða bæði á fjórðu hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Stórslysæfingar sem þessar eru nauðsynlegur þáttur í þjálfun allra þeirra sem að björgunarmálum koma. Með þeim hætti er tryggt að viðbrögð við hugsanlegu stórslysi verði sem best. Því er mjög eðlilegt að almenningur bregðist vel við þessari málaleitan lögreglu og gefi kost á sér í þessa æfingu.

Nánari upplýsingar um æfingu þessa gefur Önnundur Jónsson yfirlögregluþjónn í síma 456-4100 og 899-4101. – hj@bb.is



Vill miklu frekar vinna Hörð en KR í fótbolta

– viðtal við „Kidda Einars skipstjóra“, framkvæmdastjóra Blómavals

Ég man eins og gerst hafi í gær. Ný fjölskylda hafði flutt í hverfið. Og engin venjuleg fjölskylda. Í Fjarðarstræti 13 á Ísafirði var flutt fjölskyldan sem hafði búið í skrítna húsinu á Hlíðarveginum. Það sem meira var – það voru komnir fleiri hressir krakkar í hverfið. Og ekki spilltu foreldrarnir fyrir. Pabbinn var lóðs. Hjálpaði Tjöllunum og Þýskurunum að sigla í og úr höfn. Það hlaut að vera svakalegur kall sem þorði að umgangast þessa útendinga á klostígvélunum. Og fara með þeim einn um borð í skipin. Skyldi hann ekki vera hræddur um að þessir rosar ræni honum?

Nokkrum dögum seinna kom í ljós að mamman var útendingur. Eftir því sem næst var komist var hún Engendingur. Um hvað skyldu þau tala? Ætli krakkar sem eiga útlenska mömmu geti nokkurn tímann beðið um nokkurn skapaðan hlut? Ætli svoleiðis

mömmur skilji nokkuð? Jú, sennilega gerðu þær það. Konan í Salem sem var frá Svíþjóð var nú alveg í lagi. Fínasta kerling og skildi alveg það sem fram fór. Það hlaut líka að vera í lagi með þessa ensku enda er hún gift skipstjóra. Einari skipstjóra.

Kristinn Einarsson er sonur Elisabeth Clegg Jóhannsson og Einars Jóhannssonar. Bettý var uppalin í Grimsby en Einar á Seltjarnarnesinu. Einar varð togaraskipstjóri og kynntist Bettý ytra. Þau gengu í hjónaband árið 1946 í Grimsby. Þegar Ísfirðingar ákváðu að kaupa nýsköpunartogara vantaði skipstjóra og menn leituðu til Einars. Tíu árum eftir brúðkaupið lá leið þeirra og barnanna til Ísafjarðar þar sem Einar tók við Ísborgu. Varla hafa nú verið til meiri Ísfirðingar en þau hjónin frá þeim degi sem þau fluttu vestur.

Kristinn gekk hefðbundinn menntaveg og vildi verða

kennari. Prófaði það en áður en hann vissi af var hann orðinn blómasali og farinn að reka stærstu blómaverslun á landinu. Strákurinn sem ungur stjórnaði bónusdrottningunum í Norðurtanganum á Ísafirði var nú kominn hinum megin við borðið og farinn að selja þeim blóm og annað fallett.

Kiddi Einars skipstjóra hefur alltaf haft hressa og hispurslausu framkomu. Stríðinn en einlægur. En hver var hans uppruni? Ekki er hann innfæddur á Ísafirði?

„Nei, við flytjum til Ísafjarðar þegar ég er sex mánaða gamall árið 1956 þar sem pabbi hafði ráðið sig sem skipstjóra á einn af nýsköpunartogurunum sem þangað voru keyptir. Ég man því hvergi annars staðar eftir mér en á Ísafirði. Þar á ég allar mínar rætur og er því auðvitað ekkert annað en Ísfirðingur. Konni bróðir var ekki nema ársгамall þannig að við munum nú ekki

eftir okkur annars staðar.“

Sumrin í Skóginum

– Manstu eftir þessum árum þegar pabbi þinn var á togaraskipstjóri í fyrra sinnið hér fyrir vestan?

„Já, ég man óljóst eftir því. Við bjuggum fyrstu árin í Mál-arablockinni í Aðalstrætinu. Ég man hins vegar meira eftir pabba á sumrin þegar við bjuggum inni í Skógi. Þá man maður það betur þegar hann var að koma í land úr siglingunum. Þau keyptu sumarhúsið í Tunguskógi af Jóni Valdimarssyni vélsmið. Okkar bústaður var sérstakur að því leyti að hann var skeljaður að utan. Við bjuggum þarna allt sumarið eins og flestir sem þarna áttu bústað.

Eini gallinn við að vera þarna var vandamálið við að komast á fótboltaæfingarnar hjá Vestra. Í þá daga áttu bara svo fáir bíla. Hermann Björns-

Viðtal: Halldór Jónsson
Ljósmyndir: Spessi. Hann tók einnig myndir með viðtali við Heimi Má Pétursson í þarsíðasta blaði. Við vinnslu blaðsins gleymdist að merkja myndirnar og er beðist velvirðingar á því.

son átti bíl og Úlfur læknir en ekki margir fleiri. Við Konni reyndum því að húkka okkur far en það var ekki mikil umferð og því kom oftar en ekki fyrir að við urðum að labba alla leið á æfingar. Einn var sá bíll sem við stigum aldrei inn í, hvað sem væri í boði. Það var bíllinn hjá Simson gamla. Við þorðum aldrei með honum. Frekar löbbaðum við. Hann var svo ferlegur bílstjóri að maður var logandi hræddur í hvert skipti sem bíllinn nálgast. Æfingar í þá daga voru sjaldnar en í dag. Oft ekki nema einu sinni í viku. Ekki fimm sinnum í viku eins og hjá þúkum í dag.“

– Þetta var sérstakt samfélag í Skóginum á þessum árum? „Já, mjög sérstakt samfélag.

Við fluttum inn eftir í maí og vorum þangað til í september. Á þessum tíma sváfum við aldrei úti í bæ. Hvað sem á gekk. Þarna var mamma ein með okkur krakkana og pabbi kom ekki nema þegar komið var inn til þess að landa.“

– Nú var það þannig að margir sem þarna bjuggu voru af erlendum uppruna og þá sérstaklega konurnar. Var þetta samfélag ekki dálítið öðruvísi en svona hefðbundið samfélag á þessum árum vegna þessara erlendu áhrifa?

„Jú, það var margt sem mótast auðvitað af þeirri staðreynd að þarna voru nokkrar húsmæður erlendar. Ég man eftir því að af sumum fann maður hvítlaukslykt og vissi ekki hvað í ósköpunum það

var. Sumir borðuðu sveppi sem ekki var talinn manna-matur í þá daga. Þá var talað um að fólkið borðaði gorkúlur. Kannski hefur Skógurinn byggst meira upp vegna þessa erlenda fólks sem hlýtur að hafa verið vant meiri sól og útivist henni tengdri en við Íslendingarnir. Það er mjög sennilegt. Konurnar voru allar heimavinnandi og elskuðu að vera úti við. Þarna var mjög frjálslegt samfélag. Þetta var fyrir tíma almennrar símaeignar og þá kölluðu karlarnir bara á milli bústaða. Það er mjög eftirminnilegt þegar þeir stóðu öskrandi á milli bústaða, pabbi, Dóri Hermanns og Hemmi Björns, og voru að ræða landsins gagn og nauð-synjar þó að hundruð metra væru í milli. Þá glumdi vel í Tungudalnum. Það var ekki hlaupið í gemsann á þessum árum.“

Að vera útlendingur

– Þessi erlendi uppruni þinn – hafði hann áhrif á þitt uppeldi og aðstæður í æsku?

„Já, það er ekki hægt að neita því. Við vorum í fyrst-unni að minnsta kosti sem hálf-gerðir gestir því við áttum ekki ættingja fyrir vestan. Við átt-um ekki afa og ömmu þar eins og önnur börn. Því er heldur ekki að neita að það voru ákveðnir fordómar gagnvart mömmu frá fyrsta degi. Það kom nú mest fram í því gagn-vart okkur krökkunum að okk-ur var strítt á því að mamma gæti ekki talað íslensku. Þetta var miklu grimmara samfélag í skólunum á þessum árum. Þetta risti nú kannski ekki djúpt hjá okkur systkinunum en væri eflaust í dag kallað einelti. Við létum þetta ekki hafa mikil áhrif á okkur. Við hertumst bara og börðum fast- ar frá okkur fyrir vikið. Hlup-um bara hraðar.

Útlendingar voru auðvitað ákveðið stúlbrot í umhverfinu í þá daga og allt slíkt kallaði á viðbrögð frá umhverfinu. Það sem kannski vann með okkur í þessu var að pabbi naut mik-illar virðingar á Ísafirði sem skipstjóri. Það lýsir sér kann-ski best í því að hann var aldrei kallaður annað en Einar skip- stjóri. Það voru margir skip- stjórar á Ísafirði á þessum ár-um en hann var sá eini sem alltaf var kallaður skipstjóri. Það kom kannski til vegna þess að hann var fenginn vest-ur sem togaraskipstjóri á þeim tímamótum sem Ísfirðingar byrja togaráútgerð að nýju. Að vera sóttur til þess að flytja til Ísafjarðar vegna þess eins að verkum að hann naut virðing- ar. Ég var aldrei kallaður annað en Kiddi Einars skipstjóra.“

– Fylgdu margir síðir frá umhverfi mömmu þinnar inn í ykkar uppeldi?

„Jájá, það gerði það. Hún var auðvitað oft ein með okkur og kenndi okkur það sem hún kunni. Mín viðbrögð í stríðni annarra vegna mömmu voru þau að ég setti mér það mark- mið í skóla að tala og skrifa

lýtalausla íslensku. Hún hélt því líka mjög að okkur að við yrðum að standa okkur vel í skóla. Og þá sérstaklega í ís- lenskunni. Síðan fylgdu henni hennar síðir í mat. Hjá okkur var alltaf kalkún á jólunum löngu áður en aðrir hér fóru að leggja hann sér til munns á jólum. Pabbi útvegaði alltaf skipin. Síðan var auðvitað allt- af þæ hjá okkur. Það þekktist ekki víða í þá daga. En hins vegar var auðvitað fiskur sex daga vikunnar hjá okkur eins og öðrum á Ísafirði í þá daga. En það var meira af grænmeti en trúlega var víðast annars staðar. Skatan, slátrið og þorramaturinn voru ekki oft á borðum.“

Þorskastríðin og Dick Tailor

– Þegar þú ert að alast upp eru Englendingar og Íslend-ingar í landhelgisstríðum. Bitnaði það ekkert á ykkur krökkunum?

„Nei, þegar það gerist er pabbi kominn á lóðsinn og hann var í mjög miklum sam- skiptum við Bretana vegna starfans. Einn af hans bestu vinum var Dick Tailor, sá al- ræmdi landhelgisbrjótur. Ha- nn kom oft heim til okkar þeg- ar hann kom í höfn á Ísafirði. Pabbi sem gamall togaraskip- stjóri í Englandi aðstoðaði hins vegar veit ég Landhelgis- gæsluna við að skilja Bretana í talstöðvunum. Það var nánast vonlaust fyrir þá sem lært höfðu venjulega ensku að skilja það tungumál sem notað var á sjónum. Það gat pabbi hins vegar og hjálpaði mönn- um að skilja það sem fram fór. Í einu stríðanna er hann orðinn togaraskipstjóri að nýju. Þá hafði hann tekið Framnesið á Þingeyri og þá bar hann mikið á milli. Honum leið nú reyndar ekki vel út af því. Hann hafði ávallt töluverða samúð með málstað bresku sjómannanna. Var þó ekki til meiri föður- landsvinur en Einar skipstjóri. En þetta togaðist mjög á í hon- um því fáir þekktu kjör þessara bresku sjómanna betur en hann. Við krakkarnir vorum hins vegar gallharðir Íslend- ingar þannig að það var aldrei efi í okkar huga. Mamma varð nú fljótt mesti Íslendingurinn þannig að ég varð ekki var við að þetta truflaði hana neitt. Hún stóð með sínu fólki.

Þetta voru auðvitað mjög sérstök ár þegar bresku togar- arnir voru að koma hingað. Við urðum auðvitað mjög vör við þetta þegar við bjuggum í Aðalstrætinu. Beint á móti var Ríkið og Vitinn hans Konna. Þar söfnuðust stundum saman tugir eða hundruð sjómanna og ekki allir bláedrú þannig að það var oft rafmagnað and- rúmsloftið. Við horfðum á allt úr herbergisglugganum. Það var ógleymanlegt. Eins og áð- ur sagði var pabbi lóðs og því var mikill erill hjá honum. Mamma hélt heimilinu utan við þetta eins og hún gat. Einu mennirnir sem fengu að koma heim voru bræður hennar sem

voru þá á sjó og komu stundum og síðan Dick Tailor. Hins veg- ar var pabbi alltaf að koma og fara. Þetta hlýtur að hafa verið erfitt starf að klöngrast upp í þessa síðutogara. Stundum í vitlausum veðrum. Við vorum oft hrædd um hann enda ástæða til. Hann datt nú nokkr- um sinnum milli skipa en bjargaðist alltaf sem betur fer.“

– Úr Aðalstrætinu flytjið þið á Hlíðarveginn.

„Já. Fyrst bjuggum við reyndar í Tangagötunni en ég man ekkert eftir því. Síðan í Aðalstrætið og þaðan á Hlíð- arveginn. En þrátt fyrir veru mína á Hlíðarveginum er ég aldrei annað en Neðribæjar- þúki. Við fluttum nokkrum ár- um seinna í Fjarðarstræti 13. Það var á fermingarárinu mínu. Þegar ég kem í Fjarðar- strætið kem ég í mjög skemm- tilegt umhverfi. Þar voru margar skemmtilegar fjöl- skyldur og strax í upphafi eignast ég vini sem ég enn í dag hef samband við nánast á hverjum degi þótt liðnir séu hátt í fjórir áratugir síðan og þrátt fyrir að við höfum margir farið misjafnar leiðir í lífinu. Síðan er bakgrunnur okkar líka mjög ólíkur. Meðal þessara vina minna eru menn eins og Arnar Óskars, Spessi Siggi Blóma, Rabbi Jóns og Helgi Björns.“

Glíman við bónus- drottningarnar

– Og svo vannstu í fiski?

„Já, ég var alltaf í Norður- tanganum og Konni bróðir líka. Þar var mjög gott að vinna. Þar vorum við undir leiðsögn Gvendar Mósa og hann sýndi okkur fljótt mikinn trúnað og traust. Ég held að það hafi verið sumarið eftir fyrsta bekk í menntaskólanum sem ég var farinn að leysa þá feðgana af sem verkstjóri í vinnslusalnum. Það þýddi að ég var orðinn yfir tugum starfs- manna sem flestir voru konur. Það var mjög gaman. Þarna var maður að glíma við starfs- fólk á tímum bónussins. Það var mikill slagur. Að raða kon- unum rétt á borðin til þess að friður héldist var erfitt því auð- vitað vildu allar fá sem hæstan bónus. Það varð því að velja vél saman. Einnig að passa upp á að skila því sem vinnslan átti að skila yfir daginn. Fyrir mig var þetta mjög dýrmætur tími. Að fá að takast á við þessa miklu hagsmuni. Að bera að nokkru leyti ábyrgð á því að framleiðsla í svona stóru fyrirtæki skilaði sínu frá degi til dags var mikil áskorun. Að fá að takast á við verðmætin sem fólust í fiskinum var gam- an. Þetta var á þeim tíma sem mikill fiskur barst þannig að ekkert mátti út af bregða í afköstum vinnslunnar. Lág- markið var að koma 30 tonn- um í gegn á dag og skila því í dýrustu pakkningar sem hægt var. Á þessum árum barst svo mikið að af fiski að stundum þurfti að setja á kvöld- og næt- urvaktir og það þurfti að skipu- leggja.“

– Þú hefur kunnað lagið á bónusdrottningunum?

„Já, mér gekk alltaf vel að eiga við fólk. Auðvitað lenti maður í ýmsu og það var oft gargað ef maður raðaði nýliða með mjög fljótri konu. Það voru margir núningsfletir í þessu en oftast leystist þetta í góðu.“

Nám og kennsla

– Það hefur aldrei hvarflað að þér, þegar þú varst kominn í þessa vinnu og það var nóg að gera og góð þénusta, að það væri bara tímaeyðsla að vera í námi?

„Nei, þrátt fyrir að mér lík- aði vel, þá stefndi ég alltaf á háskólann. Ég var alltaf harð ákveðinn í því. Ég hins vegar hugsaði stundum að ég gæti alltaf komið aftur í fiskinn. Ég fór í MÍ og það kom aldrei annað til greina af minni hálfu en að fara þangað. Þetta var mjög góður skóli og eins var ég á kafi í íþróttunum hér heima þannig að það kom al- drei annað til. Skólinn var líka mjög spennandi og þau hjónin Jón Baldvin og Bryndís unnu þarna mjög gott starf. Þau voru mjög lunkin að draga góða og efnilega kennara vestur. Þrátt fyrir að þeir stoppuðu ekki lengi margir hverjir voru flestir þeirra mjög góðir. Ekki má heldur gleyma þeim hjónum sjálfum. Þau voru bæði mjög góðir kennarar og þá sérstak- lega hún. Hún kenndi mér mjög mikið.

Á þessum árum fór ég að hallast til vinstri í skoðunum. Fór að efast um það sem pabbi kenndi mér. Hann kenndi mér svo vel að ég grenjaði eftir forsetakosningarnar 1968 þeg- ar Gunnar Thoroddsen tapaði. Það var ægilegt áfall og ég var ekki viss um að ég lifði það af. Svona hafði pabbi kennt mér vel á stjórnmálin. Ég hef hins vegar aldrei verið flokkspóli- tískur. Við Eiríkur Böðvarsson vorum þeir einu í upphafi menntaskólaáranna sem könn- uðust við að atvinnurekendur gætu í einhverjum málum haft rétt fyrir sér.

Að loknu námi fór ég austur á Hornafjörð og kenndi einn vetur. Ég hafði mikinn áhuga á kennslu og vildi því prófa áður en ég færi áfram í nám. Það var mjög skemmtilegur tími á Höfn. Þar kynntist mað- ur fólki úr öðru umhverfi og það var mér mjög hollt.

Síðan fer ég í nám til Ólafs Ragnars í þjóðfélagsfræði í Háskóla Íslands. Hann var frá- bær kennari. Maður var mjög þreyttur eftir tímana hjá hon- um því að hann var svo örvandi kennari. Hann var alltaf mjög gagnrýninn og þrátt fyrir að hann væri vinstrisinnaður tók hann nú mestu rispurnar við vinstra fólkið í deildinni. Hann ýtti mjög undir frjóa hugsun.

Strax og ég lauk háskóla- námi fór ég að kenna í MR og var þar í mörg ár. Ég hafði mjög gaman af kennslunni en kjörin voru skelfileg. Maður upplifði sig á þessum árum sem algjöran lúser og aum- ingja. Oft spurði maður sig

hvað maður væri eiginlega að gera í þessu starfi. Fólk spurði þegar maður sagðist vera kennari hvort maður fengi hvergi almennilega vinnu. Lít- ilsvirðingin var svakaleg enda verkföll algeng.“

Blómin taka völdin

„Þess vegna fór ég að vinna í Blómavali með kennslunni. Það var Siggi Blóma sem benti mér á þennan vinnustað. Smám saman sogaðist ég meira og meira hér inn og áður en ég vissi af var ég farinn að vinna hér meira en í kennsl- unni. Endanlega hætti ég ekki í kennslunni fyrr en fyrir þrem- ur árum. Þá var Blómaval komið með fjórar verslanir og ég orðinn framkvæmdastjóri. Því varð ég að ákveða mig hvort ég vildi vera í kennslu og nýta mér námið eða fara alfarið í að stjórna Blómavali þegar Blómavalsfjölskyldan seldi fyrirtækið.“

– Hvernig var breytingin að vera að vinna í fjölskyldufyr- irtæki sem allt í einu var komið í eigu fyrirtækis í Kauphöll Íslands.?

„Það var mjög skemmtileg breyting. Ég held að Blómaval hafi verið selt á réttum tíma. Tími fjölskyldufyrirtækjanna var liðinn. Sá tími kemur ekki aftur. Aginn og samkeppnin sem fylgdi því að vinna hjá fyrirtæki á markaði átti mjög vel við mig. Maður var sífellt að mæla árangurinn frá degi til dags. Að standa sig betur í dag en í gær. Það er markmiðið og ekkert flóknara en það. Það varð Blómavali til mikils happs að þessar breytingar áttu sér stað á þessum tíma.“

– Hvað finnst þér um þá umræðu sem hávær er í dag, að þessu aukna frelsi hafi í raun fylgt minnkandi sam- keppni og þá sérstaklega í verslunarrekstri þar sem sumir fullyrða að í dag ríki fákeppni?

„Ég er alls ekki sammála þessari skoðun. Veruleikinn er sá, að enginn er að slaka á vegna einhverra eignatengsla. Það er fráleitt. Það eru allir að passa sína einingu og að hún komi sem best út. Það skiptir mig engu máli hver á Blóma- val. Það sem skiptir mig máli er að standa mig í samkeppni við aðrar blómaverslanir og þær eru ekki fáar í dag. Þrátt fyrir að við séum mjög stórir þá verðum við að standa okkur því að annars fer kúnninn ann- að.“

– Er þetta nú ekki skreytni hjá þér? Getur einhver í raun- inni keppt við Blómaval? Eru það ekki einhverjir aðilar sem fá í raun að lifa vegna þess að það er einfaldlega betra fyrir okkur?

„Nei, þetta er út í hött. Það er fullt af búðum sem kalla á kúnnana og það verð ég að gera líka. Ef ég stend mig ekki í verði og gæðum, þá fara þeir einfaldlega annað og koma ekki aftur fyrr en ég hef bætt mig. Sú þróun sem átt hefur sér stað í verslun á Íslandi undanfarin ár er af hinu góða. Hins vegar er þróunin mjög ör og frelsið hefur aukist. Því hafa fylgt vaxtarverkir en í heild

hafa mál færst til betri vegar. Þú heyrir það að ég er ennþá að snúast í pólitík.“

– Ertu þá sáttur í því hlut- verki sem þú hefur valið þér með hliðsjón af því sem þú menntaðir þig til?

„Já, ég er mjög sáttur. Blómaval veltir í dag um 800 milljónum á ári og er með 50- 60 manns í vinnu. Hér er mað- ur sífellt að fást við nýja hluti í mjög krefjandi og spennandi umhverfi. Þannig er ég kann- ski kominn hringinn. Þetta er eins og meðalfrystihús var í gamla daga. Í dag er ég að höndla með blóm en í gamla daga var það fiskur. Munurinn er kannski ekki svo mikill. Maður er að reyna að skapa sem mest verðmæti úr því hrá- efni sem maður er með í hönd- unum frá degi til dags. Mér fellur vel að stjórna fólki og vinna með því. Ef þú treystir þínu fólki og ert ekki sífellt að anda ofan í hálsmálið á því, þá eru Íslendingar góðir starfs- menn.“

Fyrirmyndin Bjössí Helga

– Að íþróttunum. Þú ert íþróttafíkill frá barnæsku. Vestramaður og aldrei annað. Hvers vegna?

„Skýringin er bara ein á því. Björn Helgason. Hann var mitt átrúnaðargoð og er enn að vissu leyti. Hann bjó ekki langt frá okkur í Aðalstrætinu og ég leit mjög upp til hans. Á árun- um 1964 og 65 er hann á há- tindi sínum og ég fylgdist vel með. Ég var í öllum íþróttun- um nema á skíðum. Þau snerti ég nánast aldrei. Afhverju veit ég ekki. Fótboltinn var samt alltaf númer eitt. Pétur Sig- urðsson stjórnaði Vestra á þessum árum og gerði það vel. Samkeppnin við Hörð var alltaf til staðar og hélt mönnum gangandi.“

– Nú var í þinni kynslóð mikið af afburðaíþróttamönn- um sem náðu kannski hápunkti með góðri frammistöðu á knattspymuvellinum á árunum um og eftir 1980. Þá ert þú hættur fyrir löngu. Hvernig stóð á því?

„Það er góð spurning. Þegar ég komst á unglingarárin fór áhuginn að beinast að öðru og ég hætti að mestu að æfa af krafti. Spilaði þó af og til meistaraflokksleiki en var ekki í þessu af neinni alvöru. Það spilaði líka inn í að á þessum árum vildi maður líka fá að taka þátt í djamminu og um það var ekki að tala ef maður vildi ná góðum árangri í íþrótt- um. Síðan hafði ég líka fengið mikinn áhuga á körfubolta sem þá var að stíga sín fyrstu skref á Ísafirði. Það var auðvitað mjög skrítið að menn fengu svona mikinn áhuga á þeirri íþrótt eins og aðstaðan var hræðileg fyrir inniíþróttir. Þar sannaðist að það er ýmislegt hægt að gera ef eldmóður er til staðar. Þá segir aðstaðan ekki endilega allt. Þetta var samhentur hópur og þetta varð auðvitað ákveðin kveikja að þeim áhuga og árangri sem seinna kom. Við vorum að vísu





Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:
Sundstræti 39: 227,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og kjallara.
Tilboð óskast
Bakkavegur 4b: 100 m² litið einbýlishús úr timbri ásamt fyrirtæki um kleinubakstur.
Tilboð óskast
Fagraholt 1: 143,6 m² falllegt einbýlishús á einni hæð ásamt 45,5 m² bílskúr.
Verð 15,5 m.kr.
Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fjótlega.
Verð 3,5 m.kr.



Seljalandsvegur 75: 204,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 11,9 m.kr.**
Sunnuholt 1: 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði. **Verð 16 m.kr.**
Urðarvegur 76: 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. **Verð 13,2 m.kr.**
Pvergata 5: 126 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. **Verð 7,8 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. **Tilboð óskast**
Silfurtorg 1: 104 m² 3-4 herb. íbúð á 3. hæð í þríbýlishúsi. Bílastæði á baklóð.
Tilboð óskast
Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Verð 4,5 m.kr.**
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gölfliðtur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

2ja herbergja íbúðir:
Pólgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjörbýlishúsi. **Verð 2,7 m.kr.**

Nuddstofa:
Sólbaðsstofa með dekuraðstöðu, leiguaðstaða í kjallara að Tungötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkuro.fl. **Tilboð óskast**
Atvinnuhúsnæði:
Hrannargata 2: 164 m² verslun

unarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. **Verð 4 m.kr.**
Thal Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu **Tilboð óskast**
Bolungarvík:
Helðarbrún 7: 290 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum tvöföldum bílskúr. **Verð 10 m.kr.**
Suðureyri:
Aðalgata 10: 222,8 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum, tveir nýir sólþallar. **Verð 5,5 m.kr.**



Aðalgata 16: 133 m² uppgerð skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 3 m.kr.**
Sumarbústaðir:
Litla Holt Tunguskógur 19: 24,8 m² nýr sumarbústaður í efri skóginum í Tungudal ásamt innanstokksmunum. **Verð 2,9 m.kr**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

aldrei mjög nálægt því að fara upp í úrvalsdeild en trúlega hefðum við komist það ef við hefðum haft útlendinga. En við höfðum ekkert upp að gera með enga aðstöðu.

Árangur í íþróttum byggist mikið á því að hafa góðar fyrirmyndir. Við höfðum Bjössa Helga, þennan mann sem hafði spilað landsleik. Upp til hans litum við og það hafði áhrif.“

Formaður Próttar og meistaraflokkurinn

– Þegar þú ferð suður ertu hættur í íþróttum. Nú ertu hins vegar formaður Próttar. Hvað olli því að þú fórst til þeirra starfa?

„Það voru krakkarnir mínir sem gerðu það að verkum. Við höfum búið hér í Próttarhverfi og þegar þau voru byrjuð að æfa fannst mér það félagsleg skylda mín að aðstoða við það starf. Ég sagði því oftast já þegar til mín var leita vegna ýmissa starfa. Þetta kom síðan koll af kolli og einn daginn var ég orðinn formaður. Mér finnst sjálf sagt að maður láti gott af sér leiða. Maður á ekki eingöngu að þiggja. Maður verður líka að gefa. Þannig vil ég hafa það.“

– Nú ertu búinn að vera formaður Próttar í bráðum þrjú ár. Próttur er í hugum flestra frekar lítið félag. Er það ekki rétt?

„Jú, en við verðum að taka það með í reikninginn að þessi svokölluðu stóru félög í Reykjavík eru öll um 100 ára

gömul. Próttur var hins vegar stofnaður 1949 þannig að þetta er miklu yngra félag. Það er til dæmis fyrst núna fyrir fjórum árum sem Próttur fær varanlegt hverfi að búa í þegar starfsemin fluttist í Laugardalinn eftir nokkuð flakk á milli hverfa. Enda hefur orðið ævintýrleg sprenging í starfinu. Við erum í dag með einhverja bestu aðstöðu sem nokkurt íþróttafélag hefur á landinu. Enda er þetta okkar framtíðarsvæði.“

– Nú er töluverð umræða í Reykjavík um sameiningu meistaraflokka félaganna vegna lélegs árangurs í knattspyrnunni. Þú hefur verið frekar andsnúinn því og tókst glímu við Jón Steinar Gunnlaugsson vegna þess fyrir nokkru.

„Já, þetta er erfitt mál. Grundvallaratriðið er að félög eiga ekki að reka meistaraflokka með þeim hætti að þeir sögi til sín allt fjármagn sem í félögin kemur og gott betur. Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Við megum ekki kaupa endalaust leikmenn til þess að ná árangri í úrvalsdeild. Ég var ekki kosinn sem formaður Próttar með það eitt að markmiði að verða Íslandsmeistari í meistaraflokki í knattspyrnu. Ég vil miklu frekar fjölga krökkum sem stunda íþróttir og að þau haldist sem lengst í þeim. Það skiptir miklu meira máli að börnin okkar séu sem lengst í íþróttum því að þar er þeim betur borgið en í áfengisneyslu eða fíkniefna-

neyslu. Þess vegna finnst mér að íþróttastarfið eigi fyrst og fremst að miðast við þarfir fjöldans en ekki fámenns meistaraflokks. Ég er ekki á móti árangri en hann verður að skapast af góðu starfi hvers félags fyrir sig.

Um þetta er tekist í Prótti eins og öðrum félögum. Þetta er alltaf togstreita. Það koma annað slagið raddir um að kaupa eigi leikmenn til þess að ná árangri þrátt fyrir að það þýði að strákar í öðrum flokki komist ekki að. Við sem stjórnnum félaginu í dag erum hins vegar ekki þessarar skoðunar. Ég sé ekki bísniðinn við að fara til Úsbekistan og leika þar einn leik og falla svo úr keppni. Þá vil ég frekar vinna vel í unga fólkinu. Menn hafa talað um sameina meistaraflokka í Austurbænum. Lífssýnin er að ná að vinna KR og þá séu allir ánægðir. Ég er bara ekki þeirrar skoðunar. Ég vildi miklu frekar vinna Hörd í fótbolta.“

– Aðeins að æskustöðvunum. Hvernig hafa ísfirsku ræturnar það í dag?

„Eftir að mamma dó 1998, þá á ég enga ættingja lengur fyrir vestan. Hins vegar liggja ræturnar þar og ég verð aldrei annað en Ísfirðingur. Um leið og talað er um bæinn langar mig vestur. Krökkunum mínum finnst ég alltaf vera að grobba mig af Ísafirði. Ég get ekki annað því að fyrstu tuttugu árin voru þar. Þar mótaðist ég og það verður ekki frá mér tekið hvað sem á dynur.“

Þórólfur Halldórsson á Patreksfirði skrifar

Vestfjarðavegur nr. 60 og/eða Djúpvegur nr. 61

Hvar eiga áherslurnar að liggja?

Þessa dagana er að hefja störf starfshópur um samgöngumál, sem stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur skipað samkvæmt samþykkt síðasta Fjórðungssþings. Starfshópnum er m.a. ætlað að yfirfara nágildandi stefnumótun Fjórðungssambandsins í vegamálum, sem samþykkt var 1997 og gildir til ársins 2007.

Viðfangsefni starfshópsins eru því ærin. Meðal fyrstu verka er að fara yfir stöðu mála. Hvernig hefur tekist til með að framfylgja stefnumótuninni frá 1997, hvað hefur áunnist og hvað ekki og hvers vegna, eru spurningar sem þarf að leita svara við í því sambandi.

En að fleiru er að hyggja, s.s. því hvort einhverjar breytingar hafi orðið á ytri skilyrðum á tímabilinu, sem kalla á nýja nálgun þessa viðfangsefnis. Ég tel svo vera að einu leyti, sem er yfirlýst stefna ríkisstjórnar Íslands um að efla beri þrjú kjarnasvæði á landsbyggðinni, sem skulu vera Akureyri á norðurlandi, „Mið-austurland“ fyrir austan og Ísafjörður fyrir Vestfirði.

Hvar eiga þá áherslurnar að liggja? Veltum því fyrir okkur.

Tvenns konar áherslur:

1. *Ísafjörður kjarnasvæði fyrir Vestfirði.* Raunhæft má telja að Ísafjörður geti gegnt hlutverki kjarnasvæðis fyrir fimm sveitarfélög á Vestfjörðum, Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Súðavíkurhrepp, Vesturbýggð og Tálknafjarðarhrepp. Líklegt er að íbúar Reykhólahrepps og Stranda muni fremur sækja kjarnasvæðisþjónustu suður á bóginn en til Ísafjarðar. *Aðaláhersla á styttingu leiða milli vestursvæðis og Ísafjarðar og gerð öruggs heilsársvegar milli byggðarlaganna.*
2. *Allir vegir liggja suður til Reykjavíkur.* Ísafjörður mun ekki ná að vaxa og styrkjast nægilega, til að geta gegnt hlutverki kjarnasvæðis fyrir Vestfirði og Vestfirðingar munu sækja kjarnasvæðisþjónustu til Reykjavíkur. *Aðaláherslan lögð á uppbyggingu tveggja vega til Reykjavíkur; frá Ísafirði um Djúpveg og frá Patreksfirði um Vestfjarðaveg.*

Áhersla 1:

Með því að gera tvenn jarðgöng; önnur milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem stytta um 25 km. og hin undir Dynjandisheiði úr Dynjandisvogi í Vatnsdal, sem stytta um 14 km. verður leiðin frá Patreksfirði til Ísafjarðar um 130 km og um 120 km frá Bíldudal. Miðað við aðra valkosti sem Barðstrendingar hafa til að sækja kjarnþjónustu ýmiss konar, er ljóst að þessi valkostur hefur yfirburði yfir næsta valkost, sem er Reykjavík. Þegar vegagerð milli Flókalundar og Bjarkalundar er lokið verða um 375 km frá Patreksfirði til Reykjavíkur eða þrefalt lengri vegalengd en til Ísafjarðar.

Með kjarnasvæðisáherslunni styttest ekki aðeins leiðin milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar, heldur einnig, sem er ekki síður mikilvægt, milli Ísafjarðar og Reykjavíkur þessa sömu leið, sem þá verður um 390 km. Jarðgöng undir Klettsháls í framtíðinni myndu stytta leiðina enn um 6 km.

Áhersla 2:

Í áherslu 1 er þegar komið fram að frá Patreksfirði um Barðaströnd og Vestfjarðaveg verður leiðin til Reykjavíkur um 375 km þegar vegagerð milli Flókalundar og Bjarkalundar sem innifelur þverun Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar er lokið, og færi í 369 km. ef göng yrðu gerð undir Klettsháls í framtíðinni.

Ýmsir valkostir eru nefndir um leiðina frá Ísafirði um Djúpveg til Reykjavíkur. Ákveðið er að þvera Mjóafjörð um Hrutey og byggja veginn inn Ísafjörð og leggja þá af veginn um Eyrarfjall (Hestakleif). Við það lengist núverandi sumarvegur um Eyrarfjall um ca. 2 km. og verður leiðin um Djúpveg til Hólmavíkur um 226 km. Frá Hólmavík er um tvær leiðir að ræða; ef haldið er á suður Strandir og Holtavörðuheidi bætast við 273 km, alls 500 km til Reykjavíkur frá Ísafirði. Ef á hinn bóginn nýr vegur verður gerður um Arnkötludal, styttest það leiðina um 40 km, sem verður þá 460 km.

Annar valkostur suðurleiðar um Djúp, sem nefndur hefur verið, er að gera jarðgöng frá Botni í Mjóafirði undir Eyrarfjall til Ísafjarðar og þaðan suður í Fjarðarhornsdal og inn á Vestfjarðaveg í Kollafirði í Reykhólahreppi. Hér er um tvenn göng að ræða, 4,1 km. undir Eyrarfjall og 12,5 km. úr Ísafirði í Kollafjörð. Vegalengdin frá Ísafirði um þessi



Þórólfur Halldórsson.

Ísafjörður mun ekki ná að vaxa og styrkjast nægilega, til að geta gegnt hlutverki kjarnasvæðis fyrir Vestfirði og Vestfirðingar munu sækja kjarnasvæðisþjónustu til Reykjavíkur

göng að Vestfjarðavegi í Kollafirði yrði um 162 km. Þaðan til Reykjavíkur um væntanlegar þveranir fjarðanna í Reykhólasveit, Gilsfjarðarbrú og Bröttubrekku verða um 250 km. eða alls 412 km. frá Ísafirði til Reykjavíkur. 15 km lengra er að sleppa göngunum undir Eyrarfjall og þvera þess í stað Mjóafjörð um Hrutey.

Annað hvort eða – Bæði og

Segjum sem svo að Ísfirðingar og Patreksfirðingar ætli að mætast á miðri leið, sem yrði að vera ein leið af þremur mögulegum. Hvar gæti það verið?

1. leið: Vegur um Arnkötludal.

Leiðin liggur frá Ísafirði um Djúpveg, þvert yfir Mjóafjörð um Hrutey, yfir Steingrímsfjarðarheiði og Arnkötludal og síðan vestur Vestfjarðaveg yfir Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð, um Klettsháls og vestur í Flókalund. Þaðan vestur Barðastrandarveg yfir Kleifaheiði og til Patreksfjarðar. Samtals um 435 km. *Mætumst á miðri leið, sem er nálægt Hrófbergi norðan Hólmavíkur.*

2. leið: Jarðgöng úr Mjóafirði í Djúpi í Kollafjörð í Reykhólahreppi. Leiðin liggur frá Ísafirði um Djúpveg að Botni í Mjóafirði, þaðan í 4,1 km. jarðgöngum undir Eyrarfjall um Ísafjörð og öðrum 12,5 km jarðgöngum þaðan í Kollafjörð inn á Vestfjarðaveg við Fjarðarhorn og þaðan um Klettsháls og vestur í Flókalund. Þaðan vestur Barðastrandarveg yfir Kleifaheiði og til Patreksfjarðar. Samtals 292 km. *Mætumst á miðri leið, sem*

er í Ísafirði við göngin undir Eyrarfjall.

Ef jarðgöng á þessum slóðum lægju undir Kollafjarðarheiði, má reikna með að þau yrðu um 12 km löng úr mynni Húsadals innst í Laugabólsdal og yfir í botn Farðarhornsdals. Leiðin frá Ísafirði í Kollafjörð yrði 186 km og samtals til Patreksfjarðar 316 km. *Mið leið yrði nálægt Álftrágrófardal innan við Múla í Ísafirði.*

3. leið: Jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og undir Dynjandisheiði. Leiðin liggur um Vestfjarðaveg frá Ísafirði í gegnum jarðgöngin undir Breiðadalsheiði yfir vaðalinn í Önundarfirði um Gemlufallsheiði um brú yfir Dýrafjörð og inn að Dröngum þaðan um 5,1 km. jarðgöng að Rauðsstöðum í Arnarfirði og suður í Dynjandisvog, þaðan í 10,8 km. jarðgöngum í botn Vatnsdals í Vatnsfirði og að Flókalundi. Þaðan vestur Barðastrandarveg yfir Kleifaheiði og til Patreksfjarðar. Samtals 132 km. *Mætumst á miðri leið, sem er í Vatnsdal á mótis við mitt Vatnsdalsvatn.*

4. leið: Laxárdalsheiði. Raunar má segja að fjórða leiðin sé til milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar, sem er núverandi vetrarvegur milli bæjanna, þar sem farið er á milli Vestfjarðavegar og Djúpvegar um Laxárdalsheiði sunnan Búðardals. Sú leið er um 640 km. og á henni *mætumst við á miðri leið við vegamót Djúpvegar og Laxárdalsvegar í Hrutafirði.*

Eina ósk

„Ef ég ætti eina ósk, þá veistu hvers ég óskaði mér...“ segir í þekktum dægurlagatexta. Hvaða leið myndum við velja, ef við ættum bara eina ósk um endanlegan framtíðar veg, sem væri fullnægjandi til að skapa þróttmikinn byggðakjarna, sem gæti borið uppi þjónustu, menningarlíf og verslun í landshlutanum? Veg sem uppfyllti þau skilyrði að fjarlægðir væru ekki meiri en svo að sækja mætti þjónustu í byggðakjarnann frá „úthverfunum“ nokkrum sinnum í viku, væri snjóléttur og engir þeir þröskuldar á leiðinni sem hindruðu slíkt í verulegum mæli.

Hvaða leið uppfyllir þessi skilyrði best, leið 1, leið 2 eða leið 3? Ég get ekki að því gert, en mér finnst eins og 3. leið hafi bara all nokkra yfirburði yfir næsta valkost. Hvað finnst þér lesandi góður?

Þórólfur Halldórsson, Patreksfirði.



Námskeið

Nú er síðasta námskeiðslota vetrarins að hefjast og mörg spennandi námskeið á döfinni. Námskeiðin eru öll haldin á Ísafirði nema annað sé tekið fram.

- Access gagnagrunnur – 15. apríl.
- Tölvufræðsla, grunnnám í Bolungarvík – 15. apríl.
- Power Point glærugerð – 17. apríl.
- Enska II – 19. apríl.
- Spænska II – 20. apríl.
- Hvað eru börnin að gera á netinu? Fjar-námskeið – 21. apríl.
- Excel fyrir lengra komna – 24. apríl.
- Skrautskrift, grunnnámskeið í Vesturbýggð – 24. apríl.
- Viðtalstækni, Meðferðarviðtalið – 28. apríl.
- Skrautskrift, framhaldsnámskeið í Vesturbýggð – 8. maí.
- Vélgæsla – 8. maí.
- GPS staðsetningartæki – 10. júní.
- 30 rúmlesta skipstjórnarnám.
- Að efla sjálfstraust og sjálfsöryggi, sjáfstyrkingarnámskeið.
- Erfiði viðskiptavinurinn, þjónustunámskeið.
- Gísla saga Súrssonar, leshringur á Bíldudal.
- Staðir og fólk.
- Svæða- og viðbragðsmeðferð, fjarnám næsta haust.

Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu Fræðslumiðstöðvarinnar www.fremst.is og í síma 456 5025.



Ísafjarðarkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 18. apríl. Súpa í Safnaðarheimilinu á eftir. Aðalfundur, skýrslur og reikningar.

Erindi Micaelu Kristínar-Kali um muninn á amerísku kirkjulífi og ísfirsku.

Sjáumst á sunnudaginn!

Sóknarprestur.

Ertu orðin(n) áskrifandi?

Smáauglýsingar

Til sölu eru álfelgur og dekk, 5 gata, stærð 235x60x16. Passa undir Toyota RAV. Mjög lítið notað. Uppl. í sínum 456 4704, 892 6550 og 892 7550.

Til sölu er 140m², 5 herb. íbúð á tveimur hæðum að Mjallargötu 1. Uppl. í síma 456 5050.

Sá sem tók stígvél í misgripum í Sundhöllinni 31. mars sl., merkt Einari Óla og skildi eftir önnur merkt Gunnari Atla, er vinsamlegast beðinn um að skipta um stígvél á sama stað.

Til sölu er Dalhatsu Feroza árg. 90, ekinn 183 þús. km. Nýleg vetrardekk fylgja. Nýlega upptek-in vél. Verð kr. 95 þús. Uppl. í síma 691 7659 og 456 3034.

Vestfirðingar! Ef þið þurfið að fara til Reykjavíkur, þá höfum við góða íbúð í hjarta borgarinn-ar. Uppl. í síma 554 6396 eða 487 8944.

Til sölu er Nissan Terrano II árg. 96, ekinn 144 þús. km. Ásett verð kr. 1.000.000. Upplýsingar í síma 847 1222.

Til sölu er Hyundai Accent GLS, 4 dyra, árgerð 1995, ekinn 74 þús. km. Næsta skoðun í október 2004. Sumar- og vetrardekk, nýr rafgeymir o.fl. Verðhugmynd kr. 200 þús. Upplýsingar í síma 862 6092.

Sex gata, 16" felgur óskast undir Isuzu Trooper. Upplýsingar í síma 898 4043.

Silfurhringur með áletrun inni í týndist í miðbæ Ísafjarðar á mánu-dag í síðustu viku. Finnandi hafi samband í síma 699 3068.

Vanur sjómaður óskar eftir plássi á bát sem rær frá Bolungarvík. Uppl. í síma 699 1520.

Fjölskylda óskar eftir húsnæði til leigu í Bolungarvík. Þarf að vera 4-5 herbergja. Uppl. í sínum 436 1330 eða 699 1520.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í efri bænum á Ísafirði. Laus 1. maí. Uppl. í síma 456 3372.

Svört tölvutaska með bókum týndist á balli með hljómsveitinni Hraun fyrir nokkrumhelgum. Finnandi hafi samband í síma 845 2685.

Ungur ábyrgur karlmaður leitar að einstaklingsíbúð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 845 2685.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 1997, ekinn 118 þús. km. Uppl. í síma 456 3474 og 866 4803.

Til sölu er Toyota Touring árg. 1998, skoðaður 2004. Söluverð kr. 50.000. Upplýsingar í síma 888 0711.

Óska eftir að kaupa felgur sem passa undir Toyota Ladcruiser árg. 1998. Vinsamlegast hafið samband við Grétar í síma 456 4244 eða 892 7911.

Guðmundur M. Kristjánsson, einn forsvarsmanna Rokkhátíðar alþýðunnar:

„Enginn með mórál“

– eini útlagði kostnaðurinn vegna hljóðmanns og hljóðkerfis

Guðmundur M. Kristjánsson, segir „engan vera með mórál“ eftir Aldrei fór ég suður – rokkhátíð alþýðunnar sem haldinn var við Sundahöfnina á Ísafirði á laugardag. Hátíðin er hugarfóstur Guðmundar og Arnar Elíasar sonar hans, sem er þekktur undir listamanns-nafninu Mugison. „Hátíðin gekk vonum framar, það voru engin slagsmál, engin dó áfengisdauða og allir voru stuði og skemmtu sér vel, eins og lagt var upp með. Þetta tókst frábærlega vel með sam-hjálp margra aðila“, segir Guðmundur.

Dagskráin tók um tíu tíma í flutningi, hófst kl. 16 síðdegis og lauk loks klukkan tvö um nóttina. Allan tímann var full-ur salur af fólki og hitnaði í kolunum eftir því sem leið á.

„Okkur var farið að gruna undir það síðasta að þetta yrði e.t.v. fjölmenn hátíð en upp-haflega þegar vinna við hátíð-ina hófst var verið að hugsa um fjögurra tíma dagskrá en ásóknin í að koma á hátíðina var slík að hún þandist út – í rauninni báðum við engan um að taka þátt. Hingað komu fimmtíu tónlistarmenn auk heimamannanna sem tróðu upp, þetta eru nánast allt at-vinumenn og frábært að fá þá. Ef farið yrði að reikna kostnaðinn út miðað við að listamennirnir hefðu tekið kaup þá væri hann 15-20 millj-ónir króna enda menn upp-teknir við þetta í þrjá daga um páska.“

Guðmundur segir ánægju-legt að tekist hafi að gera há-tíðina svo veglega úr garði sér-staklega í ljósi þess að fyrir-hugaður aðalstyrktaraðili hafi

heltst úr lestinni á síðustu stundu áður en dagkráin var kynnt fyrir blaðamönnum. Hátíðin njóti hins vegar styrks Menningarborgarsjóðs sem hafi greitt mjög fyrir fram-kvæmdinni og Flugfélag Ís-lands leggi til án endurgjalds tuttugu flugsæti af fimmtíu. Síðan hafi fjölmargir heima-menn lagst á eitt með skipu-leggjendunum og lagt sitt af mörkum með margvíslegum hætti.

Þar segir Guðmundur að ekki síst beri að þakka stuð-ning Sindrabergs ehf. sem hafi lagt til húsnæðið, björgunar-sveitarinnar Tinda sem hafi séð um gæslu, Gámajónustu Vestfjarða sem hafi lagt til salerni, og H V umboðsversl-unar sem hafi reynst drjúgur bakhjarl með ýmis aðföng. Stjörnubílar hafi séð um akstur listamannanna og Magnús Hauksson hafi leyst úr fjöl-mörgum málum við tónleika-haldið. Þá muni bátasmiðjan Trefjar í Hafnarfirði styrkja tónleikahaldið og Ísafjarðar-bær greiði fyrir löggæslu-kostnað og lagði til fjórar íbúð-ir sem listamennirnir gistu í auk þess sem bærinn hafi kost-að nauðsynlegar tryggingar í samstarfi við Vátryggingarfé-lag Íslands.

„Þetta var ekki verk tveggja manna heldur heildarinnar. Allir Ísfirðingar hafa verið af-skaplega jákvæðir við að leggja þessu lið og það hafa allir hjálpast að. Það komu upp alls konar mál sem voru leyst fumlaut í samvinnu við mikið af góðu fólki“, segir Guðmundur.

Aðspurður um kostnaðar-hlið málsins segir hann þá



Guðmundur Kristjánsson veifar til áhorfenda. Rúna Esradóttir og Guðmundur Hjaltason í baksýn.

feðga bera alla peningalega ábyrgð á framkvæmdinni en uppgjör sé ekki tilbúið. Reyn-ist hátíðin hafa komið út í tapi muni þeir reyna að leita til stuðningsaðila en það verði að koma í ljós. Allir listamenn-irnir gáfu sína vinnu svo kostn-aðurinn liggur mestmegnis í flutningi þeirra og upphaldi.

„Við þurfum að borga fyrir hljóðmann og hljóðkerfi og svo er einn og annar kostnaður sem við erum ekki búnir að dekkja.“

Margir tónleikavanir gestir töldu eftirtektarvert hve um-gengni á tónleikunum hafi ver-ið góð. „Það sem stendur upp úr er að það voru engin læti og það sýnir að það er hægt að halda svona trylltan rokkkon-sert án þess að fólk sé með ólæti. Aðalatriðið var að tón-leikarnir fóru fram í góðri sam-vinnu við lögregluna sem var mjög jákvæð í okkar garð allan

tímann.“ Listamennirnir gistu í flat-sæng í fjórum íbúðum í Hnifs-dal og sáu Guðmundur og Rúna Esradóttir tengdadóttir hans um að elda páskasteikina fyrir gestina en Inga og Soff-íaVagnsdætur í Bolungarvík buðu þeim í hádegismat á laug-ardag. Listamennirnir komust síðan allir til síns heima í gær. Undirbúningsnefnd hátíðar-innar er búin að vera á þönum í margar vikur en hana skipa auk Guðmundur og Arnar Elí-asar þeir Greipur Gíslason og Rúnar Óli Karlsson.

Rás 2 hljóðritaði tónleikana og hefur í hyggju að útvarpa þeim en að sögn Guðmundar er ekki útséð með að upptakan hafi heppnast vegna erfiðleika með rafmagn í salnum. „Við vitum ekki ennþá hvernig þetta fer en svo virðist sem einhver tæki útvarpsmannanna hafi skemmst við rafmagnstruflan-

irnar. Við höfum engar skýr-ingar á þessum vandræðum því það var búið að prufukeyra öll kerfi um morguninn og þá reyndust þau í fínu lagi.“

Guðmundur segir það fagn-aðarefni hversu góðar heim-ildir verði til um hátíðina en auk sjónvarpsmanna, útvarps-manna og fjölda ljósmyndara hafi sjö manna kvikmynda-tökulið verið á staðnum sem hafi í hyggju að framleiða heimildarmynd um tónleikana og framkvæmd þeirra.

Aðspurður um hvort rokk-hátíðin verði endurtekin segir Guðmundur það ekki hafa verið rätt innan framkvæmda-hópsins. „Okkar allra vegna þá vona ég að þetta verði endurtekið hvort sem það verða við eða einhverjir aðrir sem standa fyrir því“, sagði Guð-mundur Kristjánsson, einn að-standenda hátíðarinnar.

– kristinn@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Það vorar

Páskar eru að baki og hið ánægjulegasta þegar litið yfir hátíðarhaldið er að umferðin var stórslysalaus. En ljóst er einnig af fréttum að misyndismenn fara á kreik og brjótast inn og stela í þeirri von að íbúar séu að skemmta sér annars staðar en heima um páska. Þannig var ástandið í Reykjavík. Því miður eru slagsmál og líkamsmeiðingar fylgifiskur skemmtana sumra um helgar og hátíðir og skiptir þá engu þótt um stórhátíðir kirkjunnar sé að ræða. Vestfirðingar höfðu sér ýmislegt til skemmtunar og bar mest á Skíðavíku á Ísafirði og Rokk-hátíð alþýðunnar í höfuðstað Vestfjarða. Þegar best lét munu þúsund manns hafa sótt hana samtímis en hún stóð sem svaraði heilum vinnudegi og fólk kom og fór að vild, enda aðgangseyrir engin að þessu stórmerka framtaki.

Að loknum páskum blasir vorið við, sólin hækkar ört á lofti og við lítum bjartsýn fram á veginn. Þá er við hæfi að rifja upp það sem til betri vegar horf-ir. Vestfirðingar hafa eignast nýja flutningaleið sem tengir okkur við höfuð-borgina, Jaxlinn, nýtt flutningaskip, sem Ragnar Traustason, tannlæknir frá Flateyri, ásamt fleirum stendur að. Þetta er mikið framtak og eftirtektarvert. Nú sker reynslan úr um framhaldið. Vissulega fylgja því margir kostir að nú skuli aukið framboð á vöruflutningum til og frá Vestfjörðum, en Eimskip heldur enn uppi sjóflutningum til Ísafjarðar fyrst og fremst. Nýja skipið, Jaxl-inn mun koma við á öllum höfunum á vestanverðum Vestfjörðum. Vöruflut-ingar hafa færst af sjó á land og lagt undir sig þjóðvegina. Það hefur kostað

meira álag á vegi og meira slit ásamt viðhaldi. Fróðlegt verður að sjá hvort veginnir þurfi minna viðhald og henti betur fólksflutningum að þessari nýju sjóleið fenginni.

Flugið hefur í auknum mæli keppt við þjóðvegina varðandi fólksflutninga til og frá Vestfjörðum. Stöðugt færist í vöxt að fólk setjist upp í heimilisbílinn og aki á milli fremur en að fljúga. Er það skiljanlegt, því að þrátt fyrir mikla verðlækkun Flugfélags Íslands með tilkomu nettilboða, er það strax raunhæfur kostur að aka ef fleiri en einn ferðast í bíl. Þá er að vísu ekki hugsað um slit og afskriftir bílsins. En flugið er okkur nauðsyn, ekki aðeins til hátíðarbrigða heldur einnig til hversdagsbrúks. Það eiga Flugfélag Íslands og Jaxlinn sam-eiginlegt, að vilji Vestfirðingar sjálfir ekki nýta sér sjóleiðina og loftleiðina kemur til þess fyrr en síðar að landvegurinn einn verður í boði. Það er ekki ásættanlegt ef ætlun okkar er að halda uppi ferðajónustu til Vestfjarða og innan þeirra. Allar leiðir verða að vera greiðar ella snúa ferðamenn, innlendir jafnt og erlendir, sér annað.

En vonir um ferðavör voru svo sannarlega vaktar um páskana. Oft hefur verið á það bent, að nauðsynlegt sé að affreying sé í boði fyrir alla. Rokk-hátíðin er gott dæmi um stórkostlega viðbót í þeirri flóru og minnt er á það enn, að við eigum gott úrval listamanna á Vestfjörðum, sem þekktir eru um land allt. Verslunarmannahelgin er framundan að loknu vori!

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Lokahljómarnir slegnir á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður á laugardagskvöld.

Rokkhátíð alþýðunnar

Mikið fjölmenni sótti Rokk-hátíð alþýðunnar sem fram fór á laugardaginn við Sundahöfn á Ísafirði. Fyrstu listamennirnir komu fram um kl. 16 og þeir síðustu stigu á svið á öðrum tímanum um nóttina. Það er samdóma álit allra þeirra sem að hátíðinni stóðu að hún hefði verið vel heppnuð. Er því ljóst að hugdetta feðganna, tónlistarmannsins Mugison og Guðmundar Kristjánssonar, féll vel í kramið hjá tónlistarmönnum sem og áhorfendum. Mikill straumur fólks var á

tónleikana þann tíma sem þeir stóðu yfir. Sumir fylgdust með nær allan tíman en aðrir skemur eins og gengur. Svangirtónleikagestir gátu fengið sér fiskisúpu og einnig Sushi sem framleitt er hjá Sindrabergi hf. sem lánaði húsnæðið sem tónleikarnir fóru fram í. Einnig var kaffihúsið Langi-Mangi með sölutjald við hliðina á tónleikasalnum og þar gátu tónleikagestir svalað þorsta sínum. Á hátíðinni komu fram tónlistarmenn víða að og svo var

einnig um tónleikagestina. Tæplega er á neinn hallað þegar sagt að hápunkti hafi hátíðin náð í aðsókn og stemmingu eftir kl. 22 um kvöldið þegar Halldór Hermannsson, skipstjóri, Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri, og Mugison upphafsmaður tónleikanna stigu á svið hver í sínu lagi. Er til efs að álíka stemmning hafi skapast á tónleikum hér um slóðir, a.m.k. í seinni tíð. Halldór Sveinbjörnsson var á staðnum og tók meðfylgjandi myndir. – hj@bb.is



Papamug tekur lagið ásamt hljómsveit sinni.



Ísfirðingasveitin í Reykjavík, 9/11's vakti eftirtekt fyrir líflega sviðsframkomu og hörku rokk.



Birgir Örn og Halldór Gunnar, meðlimir BMX rokkudu feitt eins og þeim er einum lagið.



Mugison, einn af forsvarsmönnum tónleikanna sveik ekki aðdáendur sína frekar en fyrri daginn.



Húsfyllir var í fiskvinnsluhúsinu nánast allan tímann meðan tónleikarnir stóðu yfir eða frá kl. 16 og fram eftir nóttu.



Dr. Gunni mætti í öllu sínu veldi ásamt hljómsveit og áttu marga aðdáendur í salanum.



Dóri Hermann sló í gegn ásamt Mugison og syninum Guðmundi Birgi.

Leikskólabörn syngja inn á hljómdisk

Í gærmorgun hófust upptökur á nýjum hljómdiski sem brátt kemur út í Ísafjarðarbæ. Þrátt fyrir að það sé ekki daglegur viðburður í sjálfu sér er atburðurinn ennþá merkilegri fyrir þá staðreynd að það eru leikskólabörn á Eyrarskjóli, Grænagarði, Tjarnarbæ og nemendur á 1.stigi grunn-skólans á Flateyri sem syngja.

Síðar í mánuðinum halda starfsmenn leikskólanna í námsferð til Danmerkur og

því vildu börnin leggja þeim lið með því að gefa út disk með söng sínum sem seldur verður til styrktar ferðasjóði starfsmannanna. Eins og allir vita er söngur snarþáttur í daglegu starfi leikskólabarna og gengu æfingar fyrir upptökurnar vel. Mörg skemmtileg og fjölbreytt lög verða tekin upp.

Ljósmyndari blaðsins kom við á Eyrarskjóli þegar upptökur voru að hefjast og var mikið fjör á leikskólanum.

– *hj@bb.is*

Leikskólabörnin syngja af hjartans lyst við upptökurnar.



Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðlæg átt og víða él, en bjartviðri um landið sunnanvert. Hiti yfirleitt 0-5 stig en vægt frost norðanlands.

Horfur á laugardag: Norðaustanátt, nokkuð hvöss þegar liður á daginn. Rigning eða slydda suðaustan- og austanlands, dálítill él norðanlands og á Vestfjörðum en úrkomulaust suðvestantil.

Hiti um frostmark um landið norðvestanvert.

Horfur á sunnudag: Norðanátt með éljum eða snjókomu á Norðurlandi og Vestfjörðum. Áfram svalt í veðri.

Horfur á mánudag: Lítur út fyrir áframhaldandi norðanátt.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Messa á sunnudag kl. 11:00. Súpa og brauð í Safnaðarheimilinu á eftir. Aðalsafnaðarfundur og erindi.

Spurningin

Hversu upplýstan telur þú þig vera um framtíðarvalkosti í vegagerð á Vestfjörðum?

Alls svöruðu 474. Vel sögðu 110 eða 23% Sæmilega sögðu 122 eða 26% Illa sögðu 244 eða 51%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Matsáætlun að Stranddalaleið lögð fyrir Skipulagsstofnun


Náttúrustofa Vestfjarða hefur nú lokið tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum Stranddalavegar fyrir Leið ehf. og sent hana Skipulagsstofnun til meðferðar. Drög að áætluninni voru send Skipulagsstofnun í nóvember á liðnu ári. Í framhaldinu fór stofnunin yfir þau og óskaði lagfæringa og viðbóta sem orðið hefur verið við í þeirri áætlun sem nú liggur fyrir. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum hefst þar með formlegt ferli þar sem lögmæltum umsagnaraðilum og öllum öðrum sem vilja gera athugasemdir við áætlunina eða við hugmyndir Leiðar ehf. um veglagninguna gefst færi á að koma þeim á framfæri innan tilskilinna tímamarka. Í tilkynningu frá Leið ehf. segir að ekki sé vitað til að aðrir en Vegagerðin hafi fram að þessu sent áætlun um mat á umhverfisáhrifum vegar sem fyrirhugað er að leggja til Skipulagsstofnunar. Markar þetta því nokkur tímamót, jafnt í áformum Leiðar ehf. um gerð vegarins sem sögu umhverfismats vegamannvirkja.

Í áætluninni er gert ráð fyrir einni veglinu sem aðalvalkosti þótt fleiri veglinur séu einnig dregnar upp. Hún liggur af Þjóðvegi 61, Djúpvegi, frá bænum Hrófa í Steingrímsfirði í Hólma-

víkurreppi, um Arnkötludal, yfir í Gautsdal í Reykhólahreppi og inn á Þjóðveg 60, Vestfjarðaveg, við Geiradalsá. Tveir kostir eru gefnir upp við tengingu vegarins við Vestfjarðaveg. Annars vegar er um að ræða tengingu norðan eða vestan Geiradalsár og hins vegar 800 m lengri nýbyggingu vegar yfir Geiradalsá sem tengist Vestfjarðavegi lítið eitt sunnar. Fyrirnefnda leiðin liður fyrir það að blindhæð er á Vestfjarðavegi rétt austan við tengistaðinn auk þess sem akstursleiðin verður 200 metrum lengri en ef syðri leiðin yrði farin.

Ekki er gert ráð fyrir neinum brúm á leiðinni en sex ræsum. Ef syðri leiðin í Gautsdal verður farin verða ræsin á leiðinni einu fleiri.

Í tilkynningu frá Skipulagsstofnun segir að allir geti kynnt sé tillöguna og lagt fram athugasemdir. Hægt er að nálgast tillögu að matsáætlun á heimasíðu Leiðar – www.leid.is. Þeir sem vilja gera athugasemdir við matsáætlunina þurfa að gera það skriflega til Skipulagsstofnunar eigi síðan en 26.apríl. Skipulagsstofnun hefur leitað umsagnar Hólmavíkurrepps, Reykhólahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar, Vegagerðar-



Fyrirhugað vegarstæði í Arnkötludal og Gautsdal.

innar og veiðimálastjóra. Samkvæmt fréttatilkynningu Skipulagsstofnunar er stefnt að því að ákvörðun um tillöguna liggi fyrir 10.maí.

– *hj@bb.is*

Sinubruni í Hnífsdal

Lögreglunni á Ísafirði var tilkynnt um sinbruna í botni Hnífsdals í síðustu viku. Ekki varð tjón á mannvirkjum og var eldurinn á afmörkuðu svæði og breiddist ekki út.

Lögregla telur líklega að eldurinn hafi verið kveiktur af öðrum en landeiganda og vill minna á að í gildandi mannvirkjum og var eldurinn á afmörkuðu svæði og fengnu leyfi sýslumanns.

Slík leyfi má ekki veita eftir 1. maí, nema snjó leysi seint en þó aldrei eftir 15. maí. Lögregla segir ákvæðinu m.a. ætlað að vernda fuglalíf.

– *kristinn@bb.is*

> **RÚV: 16. apríl kl. 22:30**

Sannleikurinn um hunda og ketti

Sannleikurinn um hunda og ketti er rómantísk gamanmynd frá 1996. Dýralæknirinn og útvarpskonan Abby Barnes hefur ekkert of mikið sjálfstraust. Einn hlustenda hennar vill ólmur hitta hana en þegar hann kemur á útvarpsstöðina tekur hann skutluna Noelle, vinkonu Abbý, í misgripum fyrir hana. Aðalhlutverk leikur Uma Thurman.

> **Stöð 2: 17. apríl kl. 21:50**

Ökuníðingurinn Ben Affleck

Ben Affleck og Samuel L. Jackson leika aðalhlutverkin í myndinni Skipt um akgrein. Gavin er hrokafullur lögfræðingur, og Doyle, drykkfelldur sölumaður, eru báðir á leiðinni í réttarsal en í ólíkum erindagjörðum. Leiðir þeirra liggja saman í umferðaóhappi sem dregur dilk á eftir sér enda ná þeir ekki að gera upp málin á slysstað.

> **Sýn: 17. apríl kl. 11:15**

Portsmouth tekur á móti United

Portsmouth og Manchester United mætast á Fratton Park í beinni útsendingu í dag. Heimamenn eru nýliðar í deildinni og hafa átt erfitt keppnistímabil og vantar fleiri stig til að tryggja stöðu sína. Með liðinu leika nokkrir kunnir kappar en sá þekktasti er Teddy Sheringman sem lék um tíma með meisturum Manchester United.

Ungir djass unnendur á Langa Manga

Meðal fjölmargra uppá-koma á Skíðavíku á Ísafirði var þegar ungir djassunnendur tróðu upp á kaffihúsinu Langa Manga að kvöldi föstudagsins langa. Þar fór fremst í flokki söngkonan Anna Birta Tryggvadóttir sem naut meðleiks þeirra Ingvars Alfredssonar og Halldórs Gunnars Pálssonar. Ekki var annað að sjá en ljúfur flutningurinn félli gestum staðarins vel að geði og virtist jafnvel greiða fyrir mannganginum. Meðfylgjandi mynd tók Þorsteinn Tómasson. – kristinn@bb.is



Anna Birta og félagar djössuðu á Langa Manga.

Ánægðir með gang mála um páskana

Arnór Jónatansson, stöðvarstjóri Flugfélags Íslands á Ísafjarðarflugvelli, segir ekkert hafa klikkað í flugsamgöngum um páskana og fleiri hafi verið á ferðinni en þeir áttu von á. Mikið annríki hefur verið á Ísafjarðarflugvelli um páskana enda á annað þúsund manns farið um flugstöðina. Flugfært var milli Ísafjarð-

ar og Reykjavíkur yfir alla páskana. „Veðurspáin var e.t.v. ekki alltaf hagstætt en það rættist úr og flugið gekk ljómandi vel. Við erum líka mjög ánægðir með farþegafjöldann. Í ljósi snjóleysis þá áttum við ekki von á svo mikilli umferð, sérstaklega þar sem jörð er auð og því góð færð landleiðina“, sagði Arnór Jónatansson.

Sumri heilsað með glæsibrag á Reykhólum

Óhætt er að segja að íbúar Reykhólahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu heilsu sumrinu með glæsibrag en þar er í bígerð vegleg menningardagskrá á sumar daginn fyrsta, 22. apríl. Dagskráin hefst kl. 13 með opnun myndlistarsýningar í hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð þar sem Guðmundur Björgvinsson mun sýna verk sín. Klukkustund síðar hefst dagskrá í íþróttasal Reykhólaskóla þar sem færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir treður upp og Þórunn Valdimarsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, les upp úr verki sem hún vinnur að um Matthías Jochumsson, en hann fæddist í Reykhólasveitinni á 19. öld.

Í Barmahlíð hefst kl. 15:00 sama dag árlegur Barmahlíðardagur þar sem seldar verða kaffiveitingar og sýndar ýmsar hannyrðir sem íbúar heimilisins hafa unnið. Þetta er í annað sinn sem hreppurinn stendur fyrir uppákomu á sumardaginn fyrsta, en sama dag í fyrra lásu tveir rithöfundar úr verkum sínum.

Fimmtán þreyta próf

Fimmtán nemendur við Menntaskólann á Ísafirði hafa skráð sig í samræmt stúdentspróf í íslensku sem haldið verður í vor. Yfir landið allt hafa 520

nemar skráð sig í prófið. Prófað verður úr námsefni kjarnaáfanga í íslensku. Þetta er í fyrsta sinn sem samræmt próf er haldið á framhaldsskólastiginu.

> Stöð 2: 18. apríl kl. 22:30

Morðdeildin

Morðdeildin er breskur sakamálapáttur sem vakið hefur veriðskuldaða athygli. Vivien og Rosie eru fremstar meðal jafningja í sersveit lögreglunnar. Stöllum rannsaka morðmál og láta ekki deigan síga. Þegar þessi harðsnúna sveit mætir á vettvang er ljóst að málin verða krufin til mergjar.

SÆLKERIVIKUNNAR

ER JÓHANNA KRISTJÁNSDÓTTIR Á FLATEYRI

Grænmetis-kífskelja-eða fiski-súpa fyrir 5

Ég gerði þessa súpu mjög oft þegar kífskeljavinnslan var hér á Flateyri og notaði þá gjarnan með kjúklingasoðinu „djús“ sem ég fékk í skelvinnslunni. Sérstaklega góð í þessa súpu var þó skel sem kallast krókskel og veiddist stundum með kífskelinni. Ég er reyndar nýbúin, eftir langt hlé, að bera þessa súpu á borð fyrir gamlar samstarfskonur frá Ísafirði og notaði þá eingöngu lúðu og bragðaðist súpan jafnvel og áður. Uppskriftin er að hluta úr bandarískri uppskrift af því sem þeir kalla „clam eða fish chowder“, en úr þeirri uppskrift er sleppt bæði kartöflum og beikoni, og svo fiskisúpu sem er komin úr annarri átt.

750 g kífskel, krókskel eða annar fiskur t.d. lúða, ýsa, lax eða annað gott hráefni úr sjónum



- 1-2 laukar
- 1 blaðlaukur (púrur)
- 4-5 gulrætur
- 3-4 selleríleggir
- lárviðarlauf
- timian
- majoram
- 1 búnt steinselja
- Old Bay fiskikrydd, smá McCormick Seafood seasoning eða annað fiskikrydd
- 1 msk. matarolífa
- 1½ lítri kjúklingasoð (u.þ.b. 2-3 teningar)
- 2 msk. tómatspúré
- 300 g rjómaostur
- svartur pipar og salt
- Gott til viðbótar: ólífur eða kapers
- 1-2 dl rjómi – allra síðast

Grænmetið er hreinsað, skorið í bita og síðan steikt létt í potti í olíunni. Soðinu og tómatkrafti er bætt saman við og soðið í u.þ.b. 10 mínútur. Rjómaosturinn er mýktur með því að hræra hann og hægt að nota svolítið af soðinu til að þynna hann áður en honum er bætt út í. Síðustu mínúturnar er fiskmetið eða fiskurinn (þá skorinn í fremur smáa bita) látinn sjóða með.

Ég ætla að skora á Kristín Hermannsson, starfsmann blaðsins, að færa okkur uppskrift næstu viku.

Aðalfundarboð

Aðalfundur Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ verður haldinn í sal fulltrúaráðsins að Hafnarstræti 12, Ísafirði, þriðjudaginn 20. apríl nk. kl. 20:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Gestir fundarins verða þeir Geir H. Haarde, fjármálaráðherra og Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður.

Stjórnin

Sportið í beinni

Sýn:
Föstudagur 16. apríl:
Kl. 18:50 – Enski boltinn: Arsenal – Leeds

Laugardagur 17. apríl:
Kl. 11:15 – Enski boltinn: Portsmouth – Man. Utd.
Kl. 19:50 – Spænski boltinn: Atl. Madrid – Real Madrid.

Sunnudagur 18. apríl:
Kl. 12:50 – Enski boltinn: Aston Villa – Newcastle

Þriðjudagur 20. apríl:
Kl. 18:30 – Meistaradeildin: Monaco – Chelsea

Stöð 2:
Laugardagur 17. apríl:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Chelsea – Everton

Canal+ Film2:
Föstudagur 16. apríl:
Kl. 19:00 – Enski boltinn: Arsenal – Leeds
Laugardagur 17. apríl:
Kl. 18:30 – Ítalski boltinn: Lecce – Udinese
Sunnudagur 18. apríl:
Kl. 18:30 – Ítalski boltinn: Modena – Roma

Canal+ Norge:
Laugardagur 17. apríl:
Kl. 11:30 – Enski boltinn: Portsmouth – Man. Utd.
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Chelsea – Everton.
Sunnudagur 18. apríl:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Aston Villa – Newcastle

Kanal 5:
Laugardagur 17. apríl:
Kl. 13:30 – Þýski boltinn: Dortmund – B. Munchen
Kl. 20:00 – Spænski boltinn: A. Madrid – R. Madrid
Sunnudagur 18. apríl:
Kl. 17:30 – Spænski boltinn: Valencia – R. Sociedad.

Canal+ Sport:
Laugardagur 17. apríl:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Liverpool – Fulham.
Sunnudagur 18. apríl:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Aston Villa – Newcastle

TV4+ Sweden:
Laugardagur 17. apríl:
Kl. 20:00 – Spænski boltinn: A. Madrid – R. Madrid.
Sunnudagur 18. apríl:
Kl. 19:30 – Spænski boltinn: Barcelona – Malaga.


Canal+ Sweden:
Sunnudagur 18. apríl:
Kl. 13:00 – Ítalski boltinn: Parma – Juventus

skrifa.com

Upplýsingavefur gervihnattafólksins

Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.

Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23





Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

Förum létt með þyngri sendingar



www.postur.is

- dreifum um allt land



PÓSTURINN

Góð ávöxtun hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga á síðasta ári

Hrein eign til greiðslulífeyris rúmir 15 milljarðar króna

Raunávöxtun eigna samtryggingardeildar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var mjög góð á árinu 2003 eða 13,2%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok kr. 15,1 milljarðar og hefur hækkað um 2.237 milljónir milli ára eða sem svarar til 17,4%. Skipting eignasafnsins í árslok eftir gjaldmiðlum er þannig að 79% er í íslenskum krónum en 21%

eignanna eru í erlendum gjaldmiðlum. Séreignadeild Lífeyrissjóðs Vestfirðinga skilaði einnig mjög góðri ávöxtun á árinu 2003. Raunávöxtun var 21,74%. Í ársbyrjun var mótuð sérstök fjárfestingarstefna fyrir séreignadeildina en eignir hennar höfðu fram að því verið ávaxtaðar með eignum samtryggingardeildarinnar. Skipt-

ing eignasafns séreignadeildarinnar í árslok eftir gjaldmiðlum er þannig að 92% er í íslenskum krónum en 8% í erlendum gjaldmiðlum. Þessa góðu ávöxtun má rekja til hagstæðra skilyrða á verðbréfa-mörkuðum bæði innanlands og erlendis. Ávöxtun á innlendum skuldabréfamörkuðum var einnig mjög góð.

Í síðasta mánuði tók Lífeyrissjóður Vestfirðinga í notkun sjóðfélaga- og launagreiðendavef á heimasíðu sjóðsins lvest.is. Þar geta sjóðfélagar skoðað hreyfingar á inngreiðslum þeirra til sjóðsins, lífeyrisréttindi bæði í samtryggingar- og séreignardeild sjóðsins. Aðgang að þessum upplýsingum geta sjóðfélagar sótt um á heimasíðunni og fá í

framhaldi af því sent notendanafn og lykilorð. Launagreiðendur geta einnig nýtt sér heimasíðuna til þess að skoða stöðu sína hjá sjóðnum og senda inn skilagreinar. Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga verður haldinn laugardaginn 15. maí nk. í Grunnskólanum í Súðavík og hefst hann kl. 12.00. Fundurinn er opinn öllum.



Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista á Ísafirði.

Nýtt flutningaskip í ferðum milli Hafnarfjarðar og Vestfjarða

Jaxlinn til Ísafjarðar í fyrsta sinn

Jaxlinn, flutningaskip Sæskipa ehf., lagðist í fyrsta skipti að bryggju á Ísafirði á laugardag. Skipið mun stunda áætlanarsiglingar milli hafna á Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu og við í flestum höfnum fjórðungsins í fyrstu ferðinni. Við komuna til Ísafjarðar færði Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, Ragnari Traustasyni, eiganda skipsins, og Einari Einarssyni, skipstjóra, blómvönd og óskaði starfsemi þeirra alls hins besta í framtíðinni.

Í samtali við blaðið sagði Ragnar Traustason vera mjög ánægður með móttökurnar. „Móttökurnar fóru framúr okkar björtustu vonum og við erum mjög hjartsýnir á framhaldið. Það er greinilegt á fyrstu viðbrögðum almennings og stjórnenda fyrirtækja að beðið hefur verið eftir þessum nýja kosti í vöruflutningum.“ Ragnar segir að næsta áætlanarferð vestur á firði verði síðar í vikunni.

– hj@bb.is



Flutningaskipið Jaxlinn kemur inn í Sundahöfnina á Ísafirði.

Verðun Ísafirði
456 4644

Timbursala Ísafirði
456 4655

Opnunartími:
Mán. - fös. 8-18
Lau. 10-13
Timbursala lokuð laugardaga



HÚSASMÍÐJAN
www.husa.is



Einar Einarsson, skipstjóri Jaxlsins, og Ragnar Traustason, eigandi skipsins, taka við blómum og heillaóskum frá Guðmundi Kristjánssyni, hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar.

Sjómannastyttan af stalli sínum

Sjómannastyttan eftir Ragnar Kjartansson var tekin af stalli sínum við Eyrartúni á Ísafirði í síðustu viku. Um langt skeið hefur verið í undirbúningi að steypa styttna í brons og verður það gert í Þýskalandi. Á þriðjudag í síðustu viku var komið að fyrsta áfanga ferðarinnar

þar sem styttnan var flutt af stalli sínum að áhaldahúsinu á Stakkanesi þar sem fór hennar til Þýskalands verður undirbúin. Minnisvarði ísfirskra sjómanna var reistur árið 1974 til heiðurs þeim sem horfnir eru og til heilla þeim halda á mið, eins og segir í áletrun.

– hj@bb.is



Styttan laus frá stallinum eftir þriggja áratuga veru.